Bls. 16

Hvaða kaffidrykkur ert þú?

Bls. 28

Fyndin tvít úr menntaskóla

Bls. 8

Bifrastarglampinn



Bls. 22

Karítas langar að vinna með tungumálið

Framhaldsskólablaðið

3. tölublað skólaárið 2020-2021 • Gefið út af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema • Dreift frítt í alla framhaldsskóla landsins

MARS 2021

Þarf að vera meira en bóklega klár til að komast inn í þessa skóla

Viðtal við Gunnhildi Fríðu Hallgrímsdóttur, verðandi Harvard nema

Bls. 6

Leiðari

Ritstjórnarávarp

Þá er komin sú stund sem við höfum öll beðið eftir. Tölublaðið fyrir verðandi háskólanemendur er komið. Við höfum lagt mikla vinnu í þetta blað og vonum að þið náið að komast nær í þeirri ógnvekjandi ákvörðun um hvert á að sækja um í háskólanám. Hvað er eiginlega diplóma? Er Bifröst bara fjarnám? Hvað er kennt í háskólanum á hólum? Borgar sig að fara í nám erlendis? Er Oxford virkilega svona dýr? Allt þetta og margt fleira verður svarað í blaðinu. Auk þess að fjalla um háskólanám, eru líka greinar í blaðinu um t.d. glósutækni, kaffitýpur og svefn unglinga. Njótið!

María Árnadóttir
Ritstjóri

Stefán Árni Gylfason
Ritstjóri

Elísabet Ingadóttir

Embla Waage

Júlíana Karitas Jóhannsdóttir

Elís Þór Traustason

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BLAÐIÐ

Ungir umhverfissinnar

Ungir umhverfissinnar hafa nú fundað með öllum þingflokkum að undanskildum Flokki Fólksins til að ræða um frammistöðu Íslands í loftslagsmálum. Fulltrúar samtakanna hittu líka forsætisráðherra til að ræða þennan mikilvæga málaflokk, nú á kosningaári.

Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi

Það er algengur misskilningur og oft leikur að tölum að við Íslendingar stöndum okkur vel í loftslagsmálum. Við höfum áður náð árangri með orkuskiptum í húshitun og aðgengi almennings að hreinu rafmagni en höfum nú staðnað. Raunar er Ísland í hópi þeirra landa sem losa mest þegar allir flokkar losunar sem Umhverfisstofnun heldur utan um eru skoðaðir ásamt því kolefnisspori sem tengist neyslu okkar. Við verðum að bera ábyrgð á allri þeirri losun sem frá okkur kemur. Eðlisfræði lofthjúpsins gerir ekki greinarmun á losunarflokkum eða hvað sé á beina ábyrgð stjórnvalda og hvað ekki, samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum.

Fundur með forsætisráðherra

Í kjölfar fundanna með þingflokkunum funduðu Ungir umhverfissinnar einnig með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og ræddu m.a. við hana um landsmarkmið Íslands vegna Parísarsáttmálans og starfsemi félagsins. Markmið fundanna er að koma til skila mikilvægi þess að hafa loftslagsmálin sem þungamiðju allrar stefnumótunar og aðgerða stjórnvalda.

Töluvert flókið getur verið að áætla áhrif alls kyns aðgerða á loftslags og umhverfismál. Þann 25. janúar s.l. kom til að mynda út skýrsla frá WWF (World Wilde Life Fund) Arctic um umhverfisáhrif aðgerða íslenskra stjórnvalda vegna viðbragða við Covid-19 kreppunni. Í skýrslunni kemur fram að sumt var vel gert en margt hefði mátt betur fara og vegur þar til að mynda fjárstuðningur við Icelandair þungt.

Hvergi nærri hætt

Ungir umhverfissinnar horfa nú til kosninga og koma til með að veita flokkunum aðhald og stuðning við að móta metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu. Verkefnið verður í anda "sunrise movement" í Bandaríkjunum þar sem umhverfisstefnur flokkana verða metnar út frá fyrirfram gefnum matskvarða. Flokkarnir fá svo tækifæri til þess að bæta sig og ræða við okkur um mismunandi útfærslur. Að lokum birta samtökin endanlega einkunnagjöf til þess að upplýsa almenning um styrkleika og veikleika í umhverfisstefnu alls pólitíska litrófsins. Pólitíkin í kringum loftslagsmál er orðin svo flókin að fólk veigrar sér fyrir því að kynna sér þessi málefni. Við viljum bæta úr því þannig að almenningur sé vel upplýstur á kosningaári og veiti stjórnmálaflokkunum nauðsynlegt aðhald. Framtíð okkar allra er í húfi.





Framhaldsskólablaðið
3. tölublað, skólaárið 2020/21
samband íslenskra framhaldsskólanema

Útgefandi: Samband íslenskra framhaldsskólanema | **Útgáfustjóri:** Sólrún Freyja Sen
Umbrot og hönnun: Jónas Unnarsson **Prentun:** Landsprent.

Er HR þinn háskóli?

Kíktu á STAFRÆNA Háskóladaginn í HR

27. FEBRÚAR KL. 12 - 16



„Það er mikið af vali í boði og hver og einn getur fundið eitthvað innan síns áhugasviðs, sem gerir það að verkum að þú færð svo mikið út úr náminu!“

Sigríður Júlía Heimisdóttir
Nemi í rekstrarverkfræði

Á stafræna Háskóladeginum kynna allir háskólar landsins námsframboð sitt á vefnum haskoladagurinn.is.

Hjá Háskólanum í Reykjavík gefst þér tækifæri til að:

– spjalla við nemendur, kennara og náms- og starfsráðgjafa um allt sem viðkemur náminu

– kynnast háskólanámi af eigin raun í opnum tímum

– horfa á fjölbreyttar kynningar um einstakar námsbrautir

– horfa á viðtöl þáttastjórnenda Útvarps 101 við nemendur og kennara um námið og lífið í HR

haskoladagurinn.is

Átta liða úrslit Gettu betur

Penni: Stefán Árni

Átta liða úrslit Gettu betur eru nú í gangi hjá ríkisútvarpinu og eru framhaldsskólanemar límdir við sjónvarpsskjáinn alla föstudaga tuttugu mínútur í átta að kvöldi. Þegar þetta blað fer í prent hafa tvö lið nú þegar tryggt sér sæti í undanúrslitunum. Eru það Menntaskólinn í Reykjavík og Kvennaskólinn í Reykjavík.

Kvennó bar sigur úr býtum með 21 stigi gegn 15 stigum Menntaskólans í Kópavogi og skipuðu Hildur Sigurbergsdóttir, Ari Borg Helgason og Áróra Friðriksdóttir sigurliðið. Fyrir hönd MK kepptu Gunnheiður Guðmundssdóttir, Jason Máni Guðmundsson og Egill Orri Elvarsson.

Sigurliðið frá því í fyrra, Menntaskólinn í Reyjavík sigraði með 42 stigum gegn 27 stigum Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Þar kepptu Sara Rut Sigurðardóttir, Dagmar Íris Hafsteinsdóttir og Kjartan Leifur Sigurðsson fyrir FG og Víkingur Hjörleifsson, Hallgrímur Árni Hlynsson og Ingibjörg Steinunn Einarsdóttir kepptu fyrir MR.

Þann 19. febrúar mætast lið Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskólans og viku seinna mætast lið Menntaskólans við Hamrahlíð og Verzlunarskóla Íslands.

Það verður æsispennandi að fylgjast með keppninni í ár og verður gaman að sjá hvaða skóli sigrar hinn eftirsótta hljóðnema.

Evrópureisa

Margir menntskælingar ætla að fara í heimsreisu eftir útskrift (ef covid leyfir og allt það) og er mikilvægt að plana vel hvert á að fara og hvernig þú ætlar að ferðast þangað. Við í framhaldsskólablaðinu ákváðum að skella upp einu dæmi af góðri evrópureisu. Miðað er við að ferðast sé í tvo mánuði, 1 vika í hverri borg og áætlaður kostnaður er ca. 1 og hálf til 2 milljónir. Mælum með að notast sem mest við farfuglaheimil og lestakerfi.



Penni: Stefán Árni

Amsterdam
Amsterdam er góð byrjun. Flugið er ekkert svakalega dýrt og ætti að virka fyrir fjárhagsáætlunina hjá flestum. Borgin er líklegast ein af fallegustu borgum í evrópu og ómissandi hlutur af öllum heimsreisum. Hægt er að skoða vindmyllur, sigla um skurði borgarinns, borða góðan mat og margt fleira.

Köln
Líklegast ein af vanmetnustu borgum í Evrópu er Köln í Þýskalandi. Hún hefur eitthvað fyrir alla. Þú getur bæði heimsótt gullfallegar og merkilegar kirkjur og við mælum líka sérstaklega með að fara á allavegana eit t af mörgum myndlistasöfnum sem eru í borginni, sögulegt mikilvægi margra listaverka á t.d. rómverska germanska safninu (þ. Römisch-Germanisches Museum) er vægast sagt áhugarvert og yfirþyrmandi. Ef þú hins vegar ert meira fyrir "öðruvísi skemmtun" er Köln líka með flesta bari í Þýskalandi miðað við höfðatölu og er borgin er líka fræg fyrir mikla skemmtistaða menningu.



Brussel
Mögnuð borg, skemmtileg og áhugarverð. Hægt er að gæðast á gómsætum belgískum mat og er menningin þarna er svakaleg. Söfnin eru með þeim áhugaverðugustu, byggingarnar eru margar gullfallegar og svo ekki sé gleymt, þá ríkir alveg þvílíkt stór súkkulaði menning í borginni og því nauðsynlegt fyrir alla súkkulaði dýrkendur að koma við í Brussel.

París
Þú getur ekki farið í evrópureisu og sleppt París. Við mælum með að finna eitthvað ágætlega ódýrt hostel, svo að peningurin fari frekar í að skoða menninguna og að borða stórkostlegan mat. Notre Dame, Móna Lísa, Effelturninn, rauðvín og ostar. Kannski smá klisjukennt en við lofum að þú munir njóta þess í botn að fara til Parísar.



Nice
Borgin er kölluð Nice la Belle, eða hið fallega Nice. Þarf ég að segja meira? Það er skilyrði að ganga Promenade des Anglais, 7 kílómetra gönguleiðina sem allir sem hafa komið þangað dýrka. Svo er Vieille Ville æðislegt hverfi með gömlum og fallegum byggingum. Allir þurfa að sem fara til Nice þurfa að koma við þar. Önnur skilyrðisför er til Parc de la Colline du Château en hann er líklegast einn af fallegustu stöðum frakklands með æðiðslegu útsýni yfir borgina

Zoomers

(Mannfræðigrein úr framtíðinni)

✍ Penni: Elís Þór

Sú kynslóð sem nefnd er Zoomer-ar (ótengd Súmerum Mesópótamíu til forna) er fædd á árunum 2001 til 2004 og upplifði það að hafa gengið í gegnum sum mikilvægustu ár námsferils síns (framhaldsskóla) í heimsfaraldri. Hún er undirgrein Gen Z kynslóðarinnar. Nafnið kemur til vegna þeirrar aðferðar að kenna nemendum í fjarnámi sem, eins og vitað er, gekk alls ekki.

Allir meðlimir hennar eiga það sameiginlegt að hafa allt niður um sig. Þau misstu úr einu og hálfu til tveimur árum af framhaldsnámi sem þegar var alltof stutt og þá sérstaklega glötuðu þau mannlegri samskiptahæfni, því þeir sem hlýddu kallinu og einangruðu sig hlutu öll samskipti sín í gegnum netmiðla eða úr 2 metra fjarlægð. Fá ný sambönd mynduðust á þeim tíma þar sem erfiðara var að kynnast nýju fólki. Zoomer-kynslóðin öðlaðist þann hæfileika að þekkja fólk bara af augnsvipnum einum saman, þar sem þau notuðu bara grímur. Þau fóru á engin böll sem leiddi til þess að ball- og partímenning á Íslandi lagðist niður eins og víðar um heim."

Nei djók.

En í alvöru, mér hefur stundum liðið eins og þetta sé framtíðin. Það kæmi mér ekkert á óvart lengur. Hvílíkur rússibani sem þetta allt hefur verið. Ég sé mikið eftir því að síðasta árið mitt í menntaskóla hafi mest farið í það að hanga fyrir framan tölvuskjáinn. Ég hefði átt að nýta þann tíma til að kynnast fólki betur og njóta framhaldsskólalífsins meðan ég gæti. Ég hef misst af ótalmörgum tækifærum og lagt óendanlega miklu vinnu í verkefni sem fengu aldrei að líta dagsins ljós. Það getur verið einstaklega sárt. Og ég veit að flestir tengja sterkt við þetta.

Ég hélt að ég vissi nokkurn veginn hvernig menntaskóla- og háskólaárin yrðu. Kannski verður heimskreppan í kjölfar faraldursins þannig að við munum ekki hafa sömu tækifæri og aðrir á undan okkur. Kannski fleiri. Kannski jafnmörg tækifæri en bara öðruvísi.

Ég veit ekki hvort eða hvenær allt verður „normal" aftur. Mögulega verður þetta alveg fullkomlega eins og það var nema með nokkrum undantekningum. Kannski allt öðruvísi.

Sumir eiga eftir að springa af gleði við það að vera innan um stóran hóp en það mun taka aðra marga mánuði eða ár að geta verið aftur í alvöru fjölmenni. Sumir uppgötvuðu ný áhugamál, enduruppgötvuðu gömul, gerðu hitt, þetta og ekki neitt. Sumir hreyfðu sig meira, minna eða alveg jafnlítið og venjulega. Sumir eiga bara góðar minningar úr samkomubanni, aðrir bara slæmar, flestir sitt á hvað.

En eitt er víst, þetta hefur verið ógleymanlegur tími og ég get ekki beðið að takast á við það kemur næst en þangað til ætla ég að vera í núinu. Taka einn dag í einu, minnka fjölmiðlastressið og standa mig í sóttvörnunum. Lifa og njóta. Vonandi mun okkur takast það að lifa og njóta.

Flórens
Fæðingastaður endurreisnartímabilsins er auðvitað eitt af stöðunum sem við mælum með að fara til í reisunni. Þú verður umkringdur svo mikilvægum listaverkum. Í Uffizi Galleríinu eru verk eftir listamenn eins og Raphael, Michelangelo, Da Vinci, Botticelli, Giotto og Titian. Margar milljónir fara til Flórens bara fyrir listina en borgin býður líka upp á örugglega best gerða matinn í Ítalíu ásamt því að vera heimili tískumerkja eins og Prada, Gucci, og Salvatore Ferragamo.

Róm
Pizzur, vín og pasta, hvað annað þarftu? Hægt að skoða vatíkanið, ganga Via Sacra (hinn heilaga veg), skoða Flavíanska hringleikahúsið Collesseum og margt margt fleira.

Feneyjar
Hafnarborgin mikla skartar skurðum, endalausum stöðum úr kvikmyndum, frægum brúum og er með mikla kaffi og bar menningu. Það eru fáir bílar í feneyjum og manni líður svolítið eins og maður sé í fortíðinni. Borgin er með mjög ströng lög um sögulega varðveislu og eru því miklar líkur á að þú endir með að sigla með sömu skurðunum og þeir gerðu.

Vín
Höfuðborg Austurríkis er verða að sjá fyrir alla sem hafa áhuga á klassískri tónlist, kökum og sögu evrópu. Schönbrunn höllin er algjört verða að sjá og fyrir þá sem hafa áhuga, þá er æðisleg ópera þarna. Kaffimenningin er svakaleg og það liggur við að það sé kaffihús á hverju horni. Svo er borgin bara eina klukkustund frá Slóvakíu, vanmetnum stað í Evrópu sem er tilvalinn fyrir dagsferð.

Berlín
Berlín er sögulega mikilvæg borg, reyndar eins og flestar sem við höfum nefnt. Svo er líka stór bjórmenning og ótrúlegt en satt þá er bjór ódýrari en vatn þarna. Það er líka mikið næturlíf þarna og flott götulist.

Kaupmannahöfn
Síðasti staður í reisunni er Kaupmannahöfn. Tívolí, Litla hafmeyjan, Strikið og margt fleira. Góður endir á góðri ferð.

Insennd grein:

Ráð handa framhaldsskólanemendum

✍ Helga Arnardóttir, félags- og heilsusálfræðingur

Eins of flestir framhaldsskólanemendur þekkja getur það verið mikið álag og valdið talsverðri streitu að vera í framhaldsskólanámi. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því, bæði er námið meira krefjandi en í grunnskóla en einnig er þetta tími í lífinu þar sem við erum að breytast hratt og nálgast fullorðinsárin. Það er því mikið að gerast innra með okkur sjálfum á þessum tíma sem hefur með sjálfsmynd okkar að gera, félagsleg tengsl, ástarmálin og ýmislegt fleira.

Þess vegna er ekki skrítið að líðan margra á þessum tíma sveiflist mikið og að einstaklingar finna oft fyrir vanlíðan. Það er þó ýmislegt sem við getum gert sjálf til þess að ýta undir aukna vellíðan og tilfinningalegt jafnvægi en það getur svo í kjölfarið haft jákvæð áhrif á námið hjá nemendum og getu til þess að sinna því vel. En ef líðan er mjög slæm og ekkert virðist hjálpa okkur að líða betur er mikilvægt að leita sér aðstoðar t.d. hjá skólasálfræðingi eða námsráðgjafa.

Hér eru nokkur góð ráð sem hægt er að temja sér sem öll hafa vísindalegan grunn á bak við sig og rannsóknir sem sýna fram á að þau virka vel til að efla andlega heilsu okkar og vellíðan:

Góð svefnrútína

Ég veit að við höfum öll heyrt þetta áður en ég held við áttum okkur oft ekki á því hversu mikil áhrif svefninn (eða svefnleysið) hefur á okkur. Langvarandi svefnskortur getur ýtt undir einkenni þunglyndis og kvíða og valdið því að við eigum erfiðara með að einbeita okkur að náminu og öðru sem krefst athygli okkar.

Nokkur góð ráð til að koma svefninum í gott horf:

- Mikilvægast er að fara alltaf á fætur á sama tíma á hverjum morgni, ekki leggja sig yfir daginn og fara uppí á sama tíma á hverju kvöldi.
- Forðast að horfa á skjá (sími, tölva, sjónvarp) síðasta klukkutímann fyrir svefn.
- Forðast drykki með koffíni yfirhöfuð og sérstaklega eftir kvöldmat.

Hreyfing

Þetta er líka eitthvað sem flestir vita að er gott fyrir þá en ég held að margir átti sig ekki á hversu öflug áhrif reglubundin hreyfing getur haft á geðheilsuna. Til dæmis getur 30 mín daglegur göngutúr dregið úr einkennum þunglyndis og aukið hamingju og vellíðan verulega. Hér skiptir mestu máli að velja hreyfingu sem þú hefur ánægju af, þetta getur verið hvað sem er eins og t.d. göngutúrar, sund, dansa, hjóla, fjallgöngur eða hvað sem þér finnst gaman að gera. Hreyfing utandyra í góðum félagsskap er einstaklega góð fyrir geðið.

Núvitundaræfingar

Gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir á áhrifum þess að iðka núvitundaræfingar (mindfulness meditation) og komið hefur í ljós að þær geta haft jákvæð áhrif á líðan okkar og heilsu á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að efla ónæmiskerfið, draga úr streitu, kvíða og þunglyndi og auka jákvæðni og lífsgleði.

Best er að taka eina hugleiðsluæfingu á dag og hafa þær bara stuttar til að byrja með. Það eru til mörg öpp með núvitundaræfingum þar sem við getum hlustað á þægilega rödd leiða okkur í gegnum æfingarnar.

Dæmi um slík öpp eru Headspace, Smiling mind og Calm. Einnig er til íslenskt app með nokkrum núvitundaræfingum sem heitir Happapp.

Vingjarnlegt sjálfstal

Að lokum langar mig að minnast á hvernig við tölum til okkar sjálfra í huganum en við eigum það flest sameiginlegt að vera mun harðari og gagnrýnni við okkur sjálf en við þá sem okkur þykir vænt um. Við eigum það til að rífa okkur niður fyrir hluti sem eru eðlilegur partur af því að vera mannvera eins og að vera ekki með fullkominn líkama, ekki góðu klár, sniðug, fyndin, áhugaverð, smart o.s.frv. Við eigum það líka til að rífa okkur of mikið niður fyrir mistökin sem við gerum eins og þegar við segjum eitthvað asnalegt, föllum á prófi eða finnst við gera okkur að fífli á einhvern hátt. Þá rúlla stundum endurteknar hugsanir um hugann þar sem við ráðumst á okkur sjálf með hugsunum eins og „af hverju sagði ég þetta?!“, „ Hvað er að mér!“ og „ Hver þóttist ég eiginlega vera að reyna þetta, ég get þetta aldrei“ o.s.frv.

Það er gott og gilt að reyna að bæta sig á uppbyggilegan hátt og hvetja sjálfan sig áfram en að rífa sig niður með ljótum orðum og skamma sjálfan sig aftur og aftur í huganum fyrir mistök veldur streitu og getur með tímanum ýtt undir þunglyndi og kvíða.

Það er því mikilvægt fyrir okkur öll að vera með vituð um hvernig við komum fram við okkur sjálf í huganum. Hvernig talar þú til þín þegar þú gerir mistök eða verður vör eða var við galla í eigin fari? Það getur verið gott að spyrja sig: Myndi ég segja þetta við bestu vinkonu mína eða besta vin minn? og ef svarið er eitthvað á þessa leið: Úff nei ég myndi aldrei segja neitt svona við hann/hana, þá er þetta líklega eitthvað sem þú ættir heldur ekki að segja við sjálfa(n) þig. Reyndu þá að snúa harkalegum setningum yfir í setningar sem einkennast af meiri umhyggju og þolinmæði og beina þeim að sjálfum/sjálfri þér á erfiðum stundum. Og munum að það er eðlilegur hluti af lífinu að vera ófullkomin og gera mistök en ekki eitthvað til að refsa okkur sjálfum fyrir.

Þarf að vera meira en bóklega klár til að komast inn í þessa skóla

Viðtal við Gunnhildi Fríðu Hallgrímsdóttur, verðandi Harvard nema

✍ Penni: Stefán Árni

Fimmtudaginn 16. febrúar settist ég niður með Gunnhildi Fríðu Hallgrímsdóttur, sem mun setjast á skólabekk við Harvard í haust. Við fórum yfir umsóknarferlið, afhverju hún ákvað að sækja um háskóla erlendis og hvað hún er búin að vera að gera í vetur.

Áhuginn kviknaði þegar hún fór í sumarprógram í Bandaríkjunum

“Ég fór í sumarprógram í Bandaríkjunum þar sem ég kynntist bandarískra skólakerfinu og við vorum á stúdentagörðum og mér fannst bara pínu krúttlegt hvernig þetta er bara svona staður þar sem það er allt félagslíf á sínum stað og þú borðar með fólkinu, þú gistir með þeim og þú skapar bara miklu meiri tengsl svona” segir Gunnhildur. Hún sagði bandarísku vini hennar sem hún kynntist í sumarprógramminu hafa kvatt hana til þess að sækja um og segist líka hafa pælt mikið í þessu síðan hún var 15 og að hún hafi bara ákveðið að láta vaða og sjá hvað myndi gerast.

Umsóknarferlið alveg þess virði

Gunnhildur sótti um háskóla í gegnum Common App, þar sem hún gat gert eins margar umsóknir og hún vildi. Hún sótti um inngöngu í þrjátíu og þrjá háskóla, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

“Ferlið var langt, ég þurfti að taka SAT og TOEFL próf, svo þurfti ég að fá mikið af meðmælendum, ég þurfti að skrifa fullt af ritgerðum, svona amerísku ritgerðum þar sem ég þurfti að tala um tilfinningar og drauma og eitthvað svona.” Gunnhildur fór í mörg viðtöl á zoom og segir það hafa verið mjög stressandi en að þetta hafi allt gengið upp. Gunnhildur þurfti að sækja um skólastyrki og segir það hafa verið mikið vesen, sérstaklega þegar hún þurfti að þýða skattskýrslur sínar og skattskýrslur foreldra sinnna. Hún sagði þessa tvo mánuði sem hún eyddi í þetta vera í móðu en að þetta hafi verið þess virði og að hún myndi gera þetta aftur.

Þarft að vera meira en bara bóklega klár til þess að komast inn í þessa skóla

Gunnhildur var fyrsti nemandi Tækniskólans sem hafði sótt um í bandaríkjunum og segir hún sig hafa þurft að kenna námsráðgjafanum á ferlið á sama tíma og hún var að læra á það sjálf.



Hún segir að skólarnir úti pæli ekki bara í bóklegum gáfum. “ Þeir horfa á svo miklu meira en einkunnir, horfa bara á hvað við gerum í skóla, þar var ég t.d. Forseti Sambands íslenskra framhaldsskólanema.” Hún segir klárt fólk vera í öllum skólum, hún var á tækni- og vísindabraut sem henni fannst mjög skemmtileg. Hún segir marga segja við hana að 8 í tækniskólanum sé ekki það sama og 8 í MR og segi hún bara, “okei mér er alveg sama, þú mátt alveg segja það ef það lætur þér líða betur en hérna ég er farinn.”

Búin að taka u-beygju varðandi áhuga sinn í námi

Gunnhildur ætlar ekki að halda áfram í tækni og vísindanámi. “ Ég er alveg búin að taka u-beygju varðandi áhuga minn í námi en það er líka einn af kostunum við bandaríska kerfið. Þá sækiru bara um skólann og svo seinna meir þá ákveður þú hvað þú vilt læra. Það er meira segja hægt að taka allt fyrsta árið í að ákveða og prófa allskonar áfanga og þá tekur þú líka grunnáfanga í t.d. siðfræði og heimspeki og svona borgarlegri menntun,” segir Gunnhildur. Hana grunar samt að hún endi í heimpeki og umhverfisfræði, eða einhverri blöndu af þeim fögum. “Kannski tek ég eitthvað tungumál með eða eitthvað þannig, það getur allt breyst.”

Hellingur að gera á Íslandi

Gunnhildur ætlaði ekki að fresta náminu, henni langaði að vera jafnaldri allra nemendanna. Hún hafði tekið sér árspásu en var líka einu ári á undan í námi. “Ef ég hefði byrjað fyrra haust þá hefði ég verið jafngömul bandaríkjamönnum og mig langaði ekki að fresta, ég var búin að taka hálft ár í pásu því ég útskrifaðist fyrr og mig langaði bara í nám strax. En svo kemur Covid og Trump lokar fyrir landsvistaleyfisumsóknir og eitthvað bull og við vorum bara að horfa upp á það að ég hefði byrjað í skóla á netinu á kvöldin, á meðan allir ameríkanarnir fengu að byrjaon campus. Þannig mér fannst það ógeðslega ósanngjart og ég var geðveikt leið.”

Hún ákvað þá að fresta náminu og fór á útvistabraut í Lýðskólanum á Flateyri. “Mér fannst það mjög skemmtilegt, pínu svona covid búbbla, við vorum bara öll saman á heimavistinni og fengum bara að gera það sem við vildum og vorum ekkert að hitta neinn annan. Við vorum bara svona tengdur hópur, lærðum á kayak og fjallamennsku og eitthvað svona skemmtilegt.

Nú er Gunnhildur búin að skrá sig í fjallamennskunám hjá framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og er á leiðinni á Eskifjörð í fjallaskíðanáms. “Ég hafði séð svo marga taka árspásu og fara í Asíureisur eða eitthvað þannig og ég vildi ekki fara í árspásu og vera bara á Íslandi. Það voru margir sem sögðu mér að ég hefði ekkert betra að gera en að byrja í námi og að það væri ekkert annað að gera á Ísland en svo er bara helling að gera hérna og það er búið að vera svo gaman.” Gunnhildur segir sig hafa uppgvötað Ísland miklu meira. “Ég er búin að lesa fullt að bókum, búin að vera að læra á harmoniku sem er bara mjög skemmtilegt og ég ætla ekki að segja að ég sé sátt að covid kom en ég er samt bara frekar sátt með niðurstöðuna.”

„Mamma vissi alveg hvað hún
var að gera þegar hún gaf mér
fyrstu gítarinn!“

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 • WWW.TONASTODIN.IS

Nei við hefðbundnum gráðum!

Eflaust stefnir meirihluti verðandi háskólanema og núverandi framhaldskólanemar að fara í eina af heilugu þrenningunum, lögfræði, verkfræði eða læknisfræði. En vita þessir nemar að til eru miklu fleiri gráður? Þjóðin þarf nefnilega miklu meira fleiri með háskólagráður í t.d. Kennslufræði, en enn annan viðskiptafræðing. Hér er listi yfir nokkrar áhugaverðar gráður sem þið vitið kannski ekki mikið um:

Penni: Stefán Árni

Tungumálagráður
Hafiði t.d. dottið það í hug að læra tungumál? Það er vanmetinn gráða og það opnar fullt af dyrum fyrir störf í ráðuneytum, eða bóka-þýðingum og bara mörgum öðrum störfum! Háskóli Ísland býður upp á nám í rússnesku, dönsku, ensku, frönsku, ítölsku, japönsku, kínversku, spænsku, sænsku og þýsku.

Mannfræði
Það er sniðugt fyrir alla sem hafa áhuga á manneskjunni sem fyrirbæri að skoða mannfræði í háskólanum. Í mannfræði er nefnilega lögð áhersla á allt sem tengist manneskjunni. Á vefsíðu Háskóla Íslands segir: “Mannfræðin rannsakar ólík viðfangsefni svo sem þjóðerni í samtímanum, barnæsku, listir, fólksflutninga, þróunarsöguna, tengsl við umhverfið, þéttbýlismyndun og áhrifamátt miðla. Ég veit ekki með ykkur, en það hljómar rosalega áhugarvert. Ég meina, hvað er meira áhugarverðugra en manneskjan sjálf!

Heimspeki
Heimspeki er góður grunnur fyrir ritstörf, blaðamennsku og vinnu í stjórnmálum. Þú lærir að skoða allar hliðir mála, lærir rökhugsun og ferð í dýpstu spurningar sem mannkynið hefur. Eins og til dæmis: er hægt að fá pulsu með öllu?



Flugmaðurinn
Ég veit um marga sem elska að fljúga. Þau fara á flugvöllinn, setjast í flugsætið og horfa út um gluggan næstum alla leiðina. Fyrir þá sem tengja, hafið þið pælt í því að gera flug að atvinnu? Flugakademía Íslands býður upp á frábært nám með kennslu í Hafnafirði og Reykjanesbæ, auk þess að hafa verklegar æfingar á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli.

Listaháskólinn
Þið brennið fyrir að skapa og að vera listræn en foreldrar ykkar suða í ykkur að listanám sé ógagnlegt og vilja að þið farið í lækninn eða eitthvað sambærilega öruggt og vel borgað. Ég get gefið mér það að nokkuð margir endi upp á að kasta inn handklæðinu og hlýða mömmu

og pabba. Við það fólk spyr ég: viltu finna þig korter í eftirlaun í skrifstofustarfi sem þú hatar? Ef svarið er já, gott og vel. Ef svarið er nei, hvað eru þið eiginlega að pæla? Þetta er ykkar líf og aðeins þið getið stjórnað hvað þið gerið við það. Ef ykkur finnst listaháskólinn spennandi, farið í hann. Þetta er ekki flókið. Arkitektúr, hönnun, sviðslist og margt fleira spennandi er í boði. Gerðu það bara!

Landbúnaðarháskólinn
Háskólinn býður upp á nám í búfræði, blómaskreytingum, ylræktun lífrænni ræktun matjurta, garð- og skógarplönta, skógum & náttúru og skrúðgarðyrkju. Ef þú lifir fyrir að vera í kringum plöntur þá mælum við með þessu námi.

Bifrastarglampinn

Viðtal við Margréti Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst

Þegar nýútskrifaðir framhaldsskólanemar taka af sér húfuna og skima í kringum sig í leit að réttum skóla finnst þeim kannski ekki margt í boði. Mörgum dettur líklega aðeins í hug Háskóli Íslands eða Háskólinn í Reykjavík. En það er mikið og fjölbreytt úrval háskóla, þar á meðal einn framsæknasti atvinnuháskóli landsins, Háskólinn á Bifröst.

Margrét er vel þekkt af mörgum framhaldsskólanemendum fyrir Mundo, ferðaskrifstofan sem sérhæfir sig í skiptinámi og hefur haldið uppi árlegum spænskusumarbúðum fyrir ungmenni. Margrét er nú rektor Háskólans á Bifröst.

Hver er saga Háskólans á Bifröst?

Hún byrjar árið 1918 og hann stofnaður 1. desember, á sjálfan fullveldisdaginn. Maðurinn bak við stofnun skólans var enginn annar en Jónas frá Hriflu, einn litríkasti stjórnmálamaður sem Framsóknarflokkurinn hefur átt, skaphundur og þá menntamálaráðherra. Stefna Jónasar var að gera menntun aðgengilega alþýðunni og að allir hefðu sama rétt til menntunar. Fólk á landsbyggðinni átti erfitt með að komast í skóla og þegar það fór að heiman í nám snéri það jafnvel ekki heim aftur. Jónas vildi stofna skóla út á landi. Skólinn var samt fyrst um sinn við Sölvhólsgötu í húsinu þar sem menntamálaráðuneytið er nú og var nátengdur ráðuneytinu. Skólanum var alltaf ætlað vera skóli fyrir verslunareigendur og fólk sem vildu reka litlar búðir og fyrirtæki. Skólinn var fluttur í Norðurárdal í Borgarfirði árið 1955 þar sem hann stendur í dag.

Hvað er það helsta sem hægt er að læra á Bifröst?

Í skólanum eru kenndar margar nytsamlegar greinar eins og t.d. lögfræði og hagfræði. Svo erum við með nám sem er mjög vinsælt hjá ungu fólki og er ekki í boði við annan háskóla á Íslandi. Þetta nám kallast HHS sem stendur fyrir hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði. Þetta er frábært nám fyrir leiðtoga og fólk sem ætlar sér í pólitík. Auk þess eru margir 19 ára unglingar sem útskrifast úr menntaskóla og vita ekkert hvað þau ætla að gera. Þau geta komið til okkar í samfélagsmiðlun eða markaðsfræði. Það þurfa allir að kunna það í heiminum eins og hann er í dag svo það getur einfaldlega ekki klikkað. Við bjóðum líka upp á sérstaklega skemmtilega námsleið sem heitir Skapandi greinar. Það er diplóma-nám þar sem nemendur vinna að tilteknu verkefni, t.d. skrifa bók, stofna fyrirtæki eða hanna app. Það er þá verkefnið þann veturinn og nemendur fá hjálp kennaranna til að gera hugmynd sína að veruleika.

Hvernig er með fjarnám?

Það kom í ljós í faraldrinum að Bifröst var eini Covid-klári skólinn. Þarna voru kennarar sem kunnu á þetta og vildu kenna svona. Það breytir miklu í fjarnámi.

Í Bifröst kemur námið til þín, ekki öfugt. Þú getur hlustað á fyrirlestrana eftir vinnu eða hvenær sem þér hentar. Svo eru nokkrar vinnuhelgar á hverri önn þar sem þú mætir upp í Norðurárdal. Námið sjálft er svo byggt upp af Teams-fundum, fyrirlestrum, myndböndum, umræðuþráðum og fleiru. Á hverri önn eru tvær lotur á önn, hvor lota er í sex vikur, auk námsmatsvikunnar sem er sú sjöunda. Oft eru fundir í byrjun og lok lotu, með fyrirlestrum og slíku á milli.

> **Það kom í ljós í faraldrinum að Bifröst var eini Covid-klári skólinn. Þarna voru kennarar sem kunnu á þetta og vildu kenna svona. Það breytir miklu í fjarnámi.**

Þetta er líka mjög gott fyrir umhverfið, þar sem lítið þarf að ferðast eða að koma sér á staðinn.

Hvernig er með staðnám?

Þau sem vilja geta búið í mjög ódýru húsnæði hér á Bifröst. Eftir sem áður er um að ræða en búseta á Bifröst býður samt upp á meira návígi auk þess sem staðsetningin hér í Norðurárdal í Borgarfirði er alveg stórkostleg. Ég segi að þetta sé fallegasta svæði landsins. Og svo er tilvalið að skella sér í fjallgöngu og hlusta á einn fyrirlestur á meðan.

Hvernig er félagslífið á staðnum?

Það er heilmikið félagslíf í skólanum. Nemendaaðstaðan er einstaklega flott og það er mjög góð samheldni meðal nemenda. Það er alltaf sagt að fólk fái þennan Bifrastarglampa í augun. Þá sér maður ljóma á and-litum nemenda, það eru allir svo ánægðir. Skólalífið er allt mjög persónulegt, maður er ekki bara kennitala á blaði í risastóru batterí.

Það er nóg að byrja á

hæ

Ekkert vandamál er of stórt
eða of lítið fyrir netspjall **1717**

HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS
1717 .is
Ókeypis • Trúnaður • Alltaf opið

Við erum alltaf til staðar

Um 95 manna hópur sjálfboðaliða starfar við símsvörun og spjall hjá Hjálparsímanum 1717 og netspjalli Rauða krossins. Allir sjálfboðaliðar hafa farið í gegnum yfirgripsmikla fræðslu, námskeið og þjálfun.

Hlutverk Hjálparsímans 1717 er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og einlægni við hlutlausan aðila og má segja að ekkert sé Hjálparsímanum óviðkomandi.

HLAÐVÖRP
fyrir framhaldsskólanemendur

Tekið saman af Stefáni Árna

Fyrir framhaldsskólanemendur:

Dótakassinn

Dótakassinn er hlaðvarp eftir sálfræðing Menntaskólans við Hamrahlíð, Bóas Valdórson, þar sem hann ræðir og gefur ráð um andlega líðan nemenda í framhaldsskólum.

Hlaðvarp Unga Fólksins

Hlaðvarp Rafiðinarðarsambandsins þar sem þau útskýra flókin en mikilvæg hugtök fyrir ungu fólki.

Leitin að peningum

Hlaðvarp eftir Umboðsmann Skuldara um hvernig maður öðlast fjárhagslegt sjálfstæði

Ungt fólk og hvað

Haldið utan um af ungmennaráði ungmennahús. Þær sem sjá um þættina eru Embla Líf og Védís Ýr.

Eftir Framhaldsskólanemendur:

Verzló Podcast

Verzlingar fá fyrrum- og núverandi nemendur í viðtal um Verzló

Hlaðvarp Framtíðarinnar

Þar ræða nemendur Menntaskólans í Reykjavík um mál tengd framhaldsskólanemum, þá aðalega nemendum MR

Hlaðvarp Menntaskólans við Sund

Hlaðvarp SMS er nú bara með einn þátt en vonandi verða þeir fleiri.

Hlaðvarp NFSu

Hlaðvarp nemendafélags fjölbrautaskóla Suðurlands "um allt og ekkert með FSu ívafi."

Unglingar þurfa bara að vera duglegri að sofa

Penni: Stefán Árni

Að sofa ekki nóg er eiginlega orðið normið hjá unglingum. Aðeins sjö prósent sautján ára unglinga sofa nóg á skóladögum og orkudrykkjaneysla framhaldsskólanema jókst um meira en helming frá 2016 til 2018. Góður svefn er mikilvægur fyrir bæði andlega og líkamlega líðan og það að 93% sautján ára unglinga sofa ekki nóg er grafalvarlegt og ætti að taka á þessu vandamáli strax.

Umræðan er samt á villivegi, það er ekki ungu fólki að kenna að þau sofi ekki nóg, það er bara einfaldlega ómögulegt. Líkamsklukkan á unglingum er seinni en hjá fullþroskaðu fólki þannig að þrátt fyrir að vilja fara að sofa, er ekki sjálfsagt að þeir geti það. Í stað þess að láta unglinga aðlaga sig að ramma samfélgsins, er mikið auðveldara og sniðugra að aðlaga ramma samfélagsins þeirra að þeim.

Stytting skóla

Byrjum á því að lengja námstíma menntaskóla aftur. Með því að stytta menntaskóla, lengdist skóladagurinn og námsmagnið. Í stað skilar fólk sér einu ári fyrr, en skiptir það máli ef margir þeirra sem koma inn á vinnumarkaðinn eru útbrunnir og korter í kulnun?

Styttingin hafði áhrif á námsárangur. Í skýrslu menntamálaráðuneytisins kom fram að meðaleinkunn úr stúdentsprófum hafa lækkað, ásamt því að vísbendingar séu fyrir því að meðaleinkunnir nemenda í Háskóla Íslands með þriggja ára stúdentspróf séu lægri en þeirra með fjögurra ára stúdentspróf.

Ljóst er að styttingin hefur haft fleiri neikvæð en jákvæð áhrif á líðan og námsárangur nemenda og er kominn tími til að afturkalla þessa breytingu. Við prófuðum þetta og það virkaði bara alls ekki.

Skóladagurinn byrjar of snemma

Eins og áður kom fram er líkamsklukka unglinga seinni en annarra og væri seinkun á byrjun skóladagsins í framhaldsskólum til mikilla bóta. Jafnvel seinkun um eina klukkustund myndi breyta heilmiklu og myndi stuðla að betri lífsskilyrðum nemenda. Líkaminn unglinga virkar bara ekki þannig að þeir geti léttilega sofnað klukkan 22. Ef skólinn myndi byrja seinna, gætu unglingar náð þeim svefni sem þeir þurfa, sem skilar sér í meiri orku og einbeitingu.

Þannig stjórnvöld, hættum að kenna unglingum um slæmar svefnvenjur. Lagið frekar menntaskólakerfið, það er ekki að virka eins og það er núna.

Sameining nemanda

Penni: Embla Waage

Öll eigum við það sameiginlegt að eiga stundum vandræðinleg samskipti. Ekkert getur stöðvað þögnina sem fylgir eftir örstuttum samtölum um kulda herbergisins og þreytuna sem verulega er farin að láta sjá sig. Þetta er það sem aðgreinir kunningja og vini. Umræðuefnin klárast hraðar en sleip sápa rennur niður stigann. Þó finnast bjargvættir á þessum grimmu, myrku dögum. Bjargvættir sem fela sig í skuggunum en valda endanlega sólaruppráinni. Þetta eru verur sem vekja hatur og viðbjóð. Þetta eru kennararnir sem koma illa fram við nemendur.

Þótt sumir þeirra neiti að svara spurningum nemanda og draga þá niður um fjörtíu augastig á prófi, skapa þeir skemmtilegar umræður. Að vísu varstu opinberlega niðurlægður fyrir þann glæp að geispa í tíma. Eftir það hélst þú að engin maður yrði svo óvitur að láta sjá sig þér við hlið. Einn bekkjarfélagi þinn horfði furðulega á þig. Þú horfðir skömmustulega á námsbókina, sú sem er hulin tárum. Hann snýr sér að þér. Hann opnar munninn og hvíslar að þér: „Jesús, sú er í vondu skapi.“ Þín innri sál dansar gleðidans. Í þessari viðbjóðslegu þolraun fannstu svarið. Svarið við öllum þínum vanda tengdum kunningjum. Þú munt aldrei framar þurfa að mæta í stuttermabol í þeim eina tilgangi að tala um hve kalt þér er.

Loksins getur þú talað um hið augljósa; að kennari þinn sé ömurlegur.

Í þessu dæmi má glöggt sjá kosti þess að eiga skelfilega kennara. Þótt gallarnir séu að sjálfsögðu enn til staðar. Þekktar aukaverkanir þess að eiga slæma kennara eru til dæmis:

Ekkert sem þú gerir er nóg. Þú reynir og rembist síendurtekið en færð aldrei viðurkenninguna sem þú þráir svo heitt. Þetta minnir þig á fortíðarsambönd við fólk sem þú reynir helst ekki að hugsa um.

Þú segir hluti sem eru of dónalegir til þess að setja á blað. Kennari þinn er pirrandi, ekki Satan endurfæddur. Hann á ekki skilið að þú kallar hann herfu.

Á einhverjum tímapunkti gefstu upp á náminu. Metnaður þinn leysist upp í hvert skipti sem prófið samanstendur einungis af orðaleikjum.

Þrátt fyrir þessu smávægilegu ókosti skapa slæmir kennarar mörg tækifæri. Það fyrirfinnast fjölmörg tækifæri þar sem góðlátlegt einelti er meira en velkomið. Hvernig hefðir þú kynnst Smára ef kennari ykkar hefði ekki haldið ykkur fimm mínútur eftir tímann? Þökk sé hvatvísri hatursræðu getur þú nú rætt um körfubolta við bekkjarfélaga þinn. Því þótt slæmir kennarar geti hrellt ykkur í eftirlífinu, geta þeir sameinað heilu samfélögin.

Bestu franskarnar í Reykjavík

Penni: Stefán Árni

Ég og vinir mínir erum miklir áhugamenn um franskar kartöflur og höfum farið á marga góða veitingastaði í Reykjavík. Hér eru veitangastaðirnir sem, að okkar mati, eru með bestu franskarnar.

ROADHOUSE Snorrabraut

Roadhouse franskarnar eru frábærar. Þar mælum við með sérstaklega nutella frönskunum þeirra.

Hamborgarabúllan

Búllan klikkar aldrei og þar eru franskarnar þeirra engin undantekning. Ég fæ mér þær með bernaise sósu en hinar sósurnar eru ekkert verri. Svo er vanillu shake með algjört lykilatriði.

Metro

Þegar ég er á rúntinum með vininum förum við nánast alltaf í bílalúguna á metro og fáum okkur oreo shake og stórar franskar og þær eru, án djóks, bara miklu betri en flestar franskar á dýrum veitingarstöðum.

STEIKHÚSIÐ THE STEAK HOUSE

Þrísteiktar franskarnar með nauti og bernaise sósu hjá steakhúsinu eru himnaríki! Myndi borða þar á hverju kvöldi ef að maturinn væri ekki svona dýr!

Block Burger

Crunchy að utan, mjúkar að innan. Mætti salta þær aðeins meira en annars mjög góðar

Hvað glósutækni þín segir um þig

✍ Penni: Embla Waage

Ef þú ert komin svona langt ber ég mikla virðingu fyrir þér. Þú last þennan titil og hugsaðir með þér: „glósutækni, þetta er eitthvað fyrir mig“. Ótrúlegt, hreint makalaust. Mögulega ertu sammála þeirri staðhæfingu að glósur séu ekki hjálpartæki, heldur lífstíll. Ef til vill hefur þú prófað margt og ekkert gengið eftir. Eftirfarandi verður upptalning og innsýn í lífsbrauð nemanda.

Nemandinn sem ekki tekur glósur:

Þessi nemandi óttast ekkert. Hann situr í tíma, sannfærir sig um að undirmeðvitund hans meðtaki upplýsingar og hugsar um Star Wars. Hann reynir ítrekað að sannfæra aðra nemendur að þetta sé meðvituð tilraun. Að þetta sé hans aðferð til að ganga sem best í sínu námi. Innst inni berst samviskan og Megas. „Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér“ (Megas, 2015). Þú veist að prófin nálgast óðfluga og þú skilur ekkert.

Kvöldið fyrir prófið kveikir þú á klassískri tónlist, hellir upp á kaffi og finnur quizlet á internetinu góða. Nóttin rennur frá í hálfgerðri leiðslu. Þú lofar sjálfum þér að læra fyrr fyrir næsta próf, en gerir það aldrei.

Þessum nemanda til varnar fær hann oftast hærri einkunnir en nemandinn sem alltaf hélt sér vakandi í tíma.

Nemandinn sem sefur með námsefnið undir púðanum:

Þessi nemandi er ógnvekjandi. Hann heldur sér gangandi á sjálfstrausti og ógurlegu magni af fæðubótaefnum. Líklega hefur einhver minnst á þessa aðferð í návist nemandans og hann dolfallið. Hann hugsar með sér: „ég sef hvort sem er allan sólarhringinn“.

Þessi nemandi þekkir ógurlegan mátt þess að trúa fyrirbæri í raunveruleikan. Auk þess að öðlast vitneskju í gegnum sængurföt getur þessi nemandi þekkt stjörnumerki andstæðings á höfuðlagi hans. Nemandinn þekkir grunnatriði töfraheimsins og nýtir sér hann óspart. Kennarar í orlofum, skyndilegar hugdettur og ástarljóð. Þú skalt ekki halda í eina sekúndu að þetta séu tilviljanir.

Nemandinn sem gerir hugarkort:

Þessi nemandi hefur farið til námsráðgjafans ótal sinnum, alltaf með sama vandmálið. Hann reynir og rembist við námsefnið en skilur enn ekki hvernig hornklofar og logar geti skapað tækifæri fyrir hann. Hvernig virkar þetta? Af hverju þarf ég að læra þetta? Þó er þetta metnaðarfullur nemandi sem ætlar sér langt. Innan ótal tilrauna hefur hann fundið glósuaðferð sem virkar (að einhverju leiti). Hann getur loks spreytt sína listrænu hæfileika og lært, á sama tíma!

Nemandinn sem hengir glósurnar upp á vegg:

Þessi nemandi er ávalt eitt af tvennu: nemandinn sem nálgast kulnun og nemandinn sem lenti í kulnun. Á einhverjum tímapunkti þarf að sættast við núið. Þú hættir að grípa námsefnið eftir ákveðið margar tilraunir. Þreytan fer að segja til sín. Þessi nemandi heldur að hann sé yfir borin hið mannlega eðli. Að hann einn sé með heila svo máttugan að svefn sé undir honum kominn. Varastu að eiga í samskiptum við þennan nemandi á prófatörn, hann gæti bitið þig.

Nemandinn sem ekki skilur sína eigin skrift:

Þessi nemandi á allan heiminn skilið. Hann reynir af bestu getu að skapa pláss fyrir lærdóm og visku. Því miður skildi hann ekki eftir pláss fyrir sig. Það að skilja ekki sína eigin skrift þarf ekki að vera niðurlægjandi. Í versta falli er það hlutlaust. Því miður er mjög létt að gera lítið úr þessum nemanda. Það er aumkunarvert að sjá hann rembast við að lesa sín eigin svör í tíma. Þess vegna eru allir hvattir til þess að klappa þessum nemanda á bakið. Hann á það ósköp erfitt.

Nemandinn sem gerir glósur í tíma og finpússar þær eftir tímann:

Þessi nemandi er ekki til. Þetta er einfaldlega ljúfur dagdraumur kennara. Yndisleg alda sem skvettir volgum dropum á gangandi vegfarendur. Þetta er nemandinn sem færir kennurum epli í upphafi tímans og kyssir þá undir lokin. Hann grætur aldrei yfir náminu. Þvert á móti, það fær hann til þess að orga úr hlátri! Hver hefði haldið að málshættir gætu veitt mannveru slíka hamingju? Uppáhaldslitur þessa nemandi er hvítur og uppáhaldsmatur hans eru þurrir hafrar. Til þess að undirbúa nánar samvistir við þennan nemanda getur vika í hesthúsi skilað góðum árangri.

Nemandinn sem gerir litla minnismiða:

Þessi nemandi virkar, úr sjónarhorni ókunnugra, saklaus og metnaðarfullur. Þetta er þó aldrei raunin. Í fyrsta lagi hefur hann fórnað óþarflega miklu fyrir hæstu einkunn í grunnskóla. Hann missti allt: tómstundir, gleði og dverghamsturinn sinn. Slíkar þolraunir breyta fólki og er þessi nemandi engin undantekning. Í öðru lagi er lesefni hans af vafasömu siðferði. Frekari útskýring ætti ekki að gerast þörf. Í þriðja lagi býr hann yfir leiklistarhæfileikum sem flestir myndu nýta í fallegan starfsferil. Þess í stað notfærir nemandinn sér það í daglegu lífi. Í neyðartilvikum hefur hann grátið fyrir framan kennara til þess að öðlast þessi 0.35 stig sem vantaði upp á.

Námsferill þessa nemanda vekur aðdáun og ótta í senn. Hafið varan á.

Nemandinn sem tekur glósur á fartölvu:

Þessi nemandi er hávær í tíma. Fyrir tímann tekur hann upp glansandi bleiku fartölvuna sína. Hann lyftir henni jafnvel aðeins upp í loftið. Það er mikilvægt að allir taki eftir henni. Ef nemandinn þarf að endurskapa atriði úr Konungi Ljónanna til þess að ná því fram, gerir hann það. Glósurnar eru slegnar inn af gífurlegum hraða. Nemandinn er auk þess með þunga fingur og getur ekkert af því gert. Hvers vegna ætti hann að hafa hljótt í tíma? Hinn möguleikinn er að vera afskaplega svalur.

Nemandinn með límheila:

Þessi nemandi er allt sem þú gætir óskað þér. Hann hefur ekki tekið bækurnar úr plastinu og veit varla hvernig á að halda á blýanti. Samt sem áður getur hann þulið upp yfir 400 fuglategundir. Ótrúlegt en satt, er svona fólk til. Fyrir þá sem enn ekki vilja trúa, gakktu inn í sögufyrirlestur í Háskóla Íslands. Þessi nemandi glósar ekki en fylgist grannt með.

Þetta er að minnsta kosti það sem hann vill að þú haldir...

Nemandinn sem tekur „Cornell-glósur“:

Þú veist að þessi nemandi tekur „Cornell-glósur“ því hann segir þér það. Engir feluleikir, ekkert spaug. Þú reynir að forðast nemandann eins og heitan eldinn. Ef þú verður honum fyrir bráð mun hann útskýra allt við þessa ómerkilegu glósuaðferð. „Þessi glósuaðferð hefur gjörbreytt lífi mínu. Ég skil ekki hvernig ég gat lifað áður en ég kynntist henni!“ Þú veist ekki hvernig þú átt að segja nemandanum að þessi umræða svæfir þig. Að þetta sé ástæða þess að nemandinn eigi enga vini og að foreldrar hans elski hann ekki.



Til þess að eiga við þennan nemanda er afar mikilvægt að þú prófir ekki að glósa með þessari aðferð. Þótt hún sé bæði skiljanleg og hjálpleg; mun hún aldrei verða þess virði. Um leið og nemandinn sér sköpunarverk þitt ættleiðir hann þig. Hvað verður rætt innan veggja þessa ættleiðingjar? Þú getur rétt ímyndað þér.

Nemandinn sem tekur glósur á ritvél:

Þessi nemandi hefur aldrei verið fjarverandi frá skólahaldi. Jafnvel þótt hann mætir daglega skjálfandi í beinunum. Varanleg heilsufarsvandamál fylgja þessum nemanda. Hann hefur enn ekki vanist augngotum samnemenda sinna þegar ritvélin er dregin upp úr bakpokanum. Óvinsældin er farin að ná til hans. Það að hann bjóði sætisfélögum alltaf upp á heyrnatappa virðist ekki bæta neitt upp. Hvað er ætlast til þess að hann geri? Noti eðlileg skrifæri?

10 ráð um peninga

Innsent efni eftir: **Björn Berg Gunnarsson** Deildarstjóri Greiningar og fræðslu Íslandsbanka

Glæpasagnahöfundurinn Catherine Aird sagði eitt sinn „ef þú getur ekki sýnt gott fordæmi þarftu bara að sætta þig við að vera hræðileg viðvörun“. Ég veit ekki með ykkur en mér þætti hið fyrra betra. Það er nefnilega leiðinlegt að átta sig á því eftir á við gerðum meiriháttar mistök. Vissulega getur það verið tækifæri til þess að læra af reynslunni og gera betur næst, en það getur líka verið svo dýrt að okkur bjóðast jafnvel fá tækifæri til að gera betur næst.

Best og ódýrast er þó að læra af reynslu annarra og þá skiptir kannski litlu máli hvort viðkomandi hafi reynst gott fordæmi eða hræðileg viðvörun. Með því að setja sér nokkrar þumalputtareglur, tileinka sér ákveðin prinsipp og læra örfá atriði er hægt að auka stórlega líkurnar á því að okkur muni vegna í það minnsta aðeins betur hvað varðar peningana okkar og minnka sömuleiðis líkurnar á að við lendum í fjárhagserfiðleikum.

Þetta er mikið áhugamál hjá mér og því var það mér mikil ánægja þegar óskað var eftir því að ég hripaði hér niður nokkur orð í ykkar fína blað. Lítum snöggvast á 10 ráð um peninga sem vonandi geta gagnast ykkur.Ráð 1 – Eigðu alltaf varasjóð

Treystu mér, þú munt þakka þér fyrir það seinna meir ef þú reynir að halda þig við þessa reglu. Með því að eiga alltaf til dágóða fjárhæð, svo sem 100.000 krónur, minnka stórlega líkurnar á því að þú lendir í þeirri stöðu að þurfa að taka rándýrt neyslulán ef eitthvað kemur upp á. Allt of mörg okkar eiga ekki til neina slíka sjóði þegar tölvan okkar bilar, jólin reynast dýrari en við héldum, okkur býðst tækifæri til að fara skemmtilega ferð til útlanda eða annað óvænt verður þess valdandi að við þurfum að eyða peningum. Ákveddu fjárhæð sem þú telur að henti þér og reyndu svo eins og þú mögulega getur að fylla strax á sparnaðinn eftir að þú hefur þurft að sækja einhverja aura í hann.

Ráð 2 – Reyndu að dreifa ekki greiðslum

Það er ágætis þumalputtaregla að kaupa aldrei neitt strax og borga fyrir það síðar, nema þegar tekin eru húsnæðis- eða námslán. Möguleikum til greiðsludreifingar hefur fjölgað til muna að undanförnu og eru orðnir mun aðgengilegri en áður en það þýðir ekki að það sé góð hugmynd að nýta þá. Með því að kaupa eitthvað í dag og greiða fyrir það síðar, hvaða nafni sem það kallast, ertu að öllum líkindum að fara að borga mun meira fyrir kaupin en þau kosta. Ef þú vilt ekki borga meira fyrir símann en hann kostar skaltu safna fyrir honum og borga á staðnum. Ef þú neyðist til að taka lán skaltu sækja þér ráðgjöf um hvaða lán er ódýrast fyrir þig og hvernig þér mun best takast að greiða það niður. Slík ráðgjöf kostar ekkert.

Ráð 3 – Passaðu þig á smálánum

Umboðsmaður skuldara er stofnun sem aðstoðar fólk sem lendir í meiriháttar fjárhagserfiðleikum. Árið 2012 voru 5% skjólstæðinga stofnunarinnar 18-29 ára en það hlutfall hefur ríflega fimmfaldast síðan þá. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra skjólstæðinga sem tekið hafa smálán eða skyndilán hækkað úr 6% í vel yfir helming. Smálán eru ákaflega dýr og geta verið síðasti viðkomustaður fólks áður en það lendir algjörlega á vegg í fjármálunum og getur ekki rétt úr kútnum. Reyndu því að halda þig alveg frá þeim.

Ráð 4 – Skráðu þig í séreignarsparnað

Ef þú ert að vinna en ert ekki með séreignarsparnað ertu á 2% lægri launum en þú átt rétt á og færð ekki skattaaðstoð frá hinu opinbera þegar þú kaupir þína fyrstu íbúð. Þess vegna er um að gera að ganga frá slíku strax, alveg sama hversu mikið þú vinnur eða hversu há launin þín eru. Eftir að þú hefur skrifað undir samning eru 2-4% af launum þínum dregin frá í hverjum mánuði og vinnan þín verður að gefa þér 2% til viðbótar. Þú getur svo notað þessa peninga til að hafa það betra þegar þú verður eldri eða til þess að leggja fram við skattfrjálsa útborgun þegar þú kaupir þína fyrstu íbúð. Þetta hefur svo sannarlega hjálpað mörgum.

Ráð 5 – Byrjaðu snemma að safna fyrir fyrstu íbúð

Ef þú hefur í hug að kaupa þér íbúð skaltu passa að byrja ekki að spara fyrir henni of seint. Við Íslendingar erum í kringum 23 ára þegar við að meðaltali flytjum úr foreldrahúsum en kaupum að meðaltali okkar fyrstu íbúð um 9 árum síðar. Fjölmargir festast á leigumarkaði sem ekki vilja vera þar vegna þess að það er dýrt að borga leigu og erfitt að safna fyrir íbúð á sama tíma. Ef þú ert að hugsa um að kaupa íbúð og býrð heima hjá foreldrum þínum skaltu í það minnsta spá í því að byrja að spara strax, á meðan þú þarft ekki að borga leigu.

Ráð 6 – Lærðu að lesa launaseðilinn þinn

Ertu ekki örugglega að fá það sem þú átt rétt á? Er vinnuveitandinn þinn að greiða þér yfirvinnu þegar þú átt rétt á henni og millifæra yfir í séreignarsparnaðinn þinn í hverjum mánuði? Með því að kunna að lesa launaseðilinn þinn getur þú passað upp á þetta. Góðar leiðbeiningar er að finna á netinu, til dæmis hjá stéttarfélögunum en þú getur líka óskað eftir aðstoð frá þeim sem greiðir þér launin.

Ráð 7 – Kannaðu hvort þú komist hjá því að eiga bíl

Það getur verið mjög dýrt að eiga bíl. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) tekur saman dæmi um slíkan kostnað á hverju ári og tekur þá allt með í reikninginn, svo sem verðlækkun bílsins, eldsneyti, skoðun, tryggingar, viðhald og fleira. Kostnaðurinn getur jafnvel numið 1-2 milljónum króna á hverju ári og ef við erum að spara á sama tíma getur það hjálpað okkur til muna að leggja bílnum eða sleppa honum alfarið. Kannski er hægt að leigja bíl hluta ársins í staðinn, taka leigubíl eða strætó, hjóla eða ganga og spara heilmiklar fjárhæðir í leiðinni.

Ráð 8 – Finndu sparnað í neyslunni þinni

Það fyrsta sem við skoðum þegar við byrjum að spara er að draga úr neyslu. Hvað heldur þú að þér tækist að sparað mikið með því til dæmis að fækka ferðum í sjálfsala, segja upp óþarfa áskriftum, vera duglegri að kaupa notaðar vörur eða smyrja oftar nesti í stað þess að kaupa tilbúinn mat? Þegar margt slíkt er lagt saman getur verið hægt að auka talsvert við sparnaðinn sinn og þar getur jafnvel munað mjög háum fjárhæðum.

Ráð 9 – Sparaðu og hafðu góð áhrif á umhverfið í leiðinni

Með því að kaupa notað og selja það sem við erum hætt að nota höfum við ótvírætt mjög jákvæð áhrif á umhverfið en við getum líka sparað heilmikið. En þurfum við endilega að kaupa? Góð regla, sem margir hafa tileinkað sér, er að kaupa aldrei neitt strax. Í stað þess að kaupa skóna um leið og þú sérð þá í skóbúðinni skaltu koma aftur á morgun. Þá hefur þú náð að sofa á þessu og áttar þig jafnvel á að þú þarft skóna ekki eins mikið og þú hélst. Prófaðu þetta, það er hreint ótrúlegt hvað þetta virkar oft.

Ráð 10 – Lærðu að gefa út reikning

Við munum ekki öll fá tekjur okkar að fullu úr hefðbundinni fullri vinnu. Lítil verkefni eða stór sem við getum tekið að okkur eru að verða stærri hluti tekna fólks og munu eflaust bara aukast með árunum. Leitaðu tækifæra til að nýta hæfileika þína til að skapa þér aukatekjur og passaðu upp á að þú kunnir að gefa út reikning fyrir slíku og rukkir rétt verð.

15 kolrangar staðreyndir um Mugison

✍ Penni: Stefán Árni og Árni Pétur Árnason

1. Hann fæddist 4. Apríl 1952.
2. Hóf ferill sinn sem hörpuleikari þegar hann var þriggja ára.
3. Þegar hann var 17 ára fór hann að æfa gítar hjá þýska meistaranum Kurz von Himmel.
4. Um þrítugsaldur tók hann upp lýru.
5. Hann hélt að hann væri örvhentur þar til hann var 24 ára.
6. Hann borðar alltaf þrjár pylsur með lakkrís í morgunmat.
7. Mugison var með cameo í könguloamanninum 3.
8. Flestir halda að rétta nafnið hans sé Einar Örn en rétta nafnið hans er Ragnheiður.
9. Hann drekkur bara faxe kondi og er með faxe kondi vask á heimili sínu.
10. Í 7 mínútur árið 2006 var Mugison ríkasti maður landsins.
11. Mugison var dæmdur fyrir mannréttindabrot þegar hann gaf út lélega plötu.
12. Sería 3 af æði verður um Mugison.
13. Þrálátur orðrómur um ástarsamband hans og Páls Óskars er á rökum reistur.
14. Mugison var manneskjan sem drap J.F.K.
15. Hann bjó til Covid svo að hann gæti samið tónlist í friði.

Hvað merkja gráðurnar í háskólum?

✍ Penni: Elís Þór Traustason

Ég fór að velta fyrir mér háskólanámi fyrir ári síðan. Meðan ég skoðaði áfangana rakst ég á alls konar skammstafanir, heiti og merkingar sem ég kannaðist við en skildi ekki, t.d. diplóma, B.A., Ph.D., M.B.A., bachelor og M.Ed. Smám saman tókst mér að púsla saman kerfinu með því að lesa mér til og spyrjast fyrir um. Ég er viss um að fleiri hafi lent í svipaðri stöðu og þess vegna langaði mig að setja upp einn laufléttan leiðarvísi fyrir þá sem eru að velta fyrir sér háskólanum. Þetta gildir samt aðallega um nám við íslenska skóla og er sérstaklega miðað við HÍ og HR.

Hvað merkja þessar skammstafanir?

Í afar stuttu máli má setja upp helstu skammstafanirnar á þennan hátt.

Helstu prófgráðurnar:
B.=bachelor/bakkalársnám
M.=Master/meistaranám
Ph.D.= doktorsnám
Helstu svið:
A.=arts
S.=sciences
Ed.=education

Fyrri stafurinn er prófgráðan (hér B. eða M.) og seinni fyrir námssvið (hér A., S. eða Ed.). Arts stendur samt venjulega inn fyrir hugvísindi og sciences fyrir raunvísindi, sem er í raun og veru skipting úr latínu (artes, scientiae) og var notuð um þessi tvö svið. Þá eru bókmenntir og lögfræði B.A. eða M.A. gráður en verkfræði B.S. eða M.S. Hins vegar stendur Ed. fyrir menntavísindi, þ.e. nám til þess að verða kennari. Til að kenna í framhaldsskóla þarf t.d. M.Ed. gráðu. Það eru samt til fleiri skammstafanir sem falla ekki í kerfið fyrir ofan, t.d. M.B.A. fyrir master of business administration. Diplómur og Ph.D. standa sér og námsvið gráðunnar oftast ekki tekið fram.

Hvað er B-gráða?

B-gráða, stundum kallaðar bachelor eða bakkalár, telst vera grunnnámið í háskólanum. Yfirleitt þarf að klára B-nám áður en haldið er áfram í námi. Á Íslandi er B-nám í að minnsta kosti þrjú ár (180 einingar) en getur verið lengra í öðrum löndum. Venjulega er B-nám 180 einingar í sama fagi en stundum er hægt að taka 120 einingar í aðalvali og 60 einingar í aukavali, t.d. 120 einingar í lögfræði og 60 alþjóðasamskiptum. Oft þarf að skrifa bakkalársritgerð í lok námsins.

Hvað er M-gráða?

M-gráða, stundum kallað master eða meistari, telst vera almennt framhaldsnám. Oft eru inntökuskilyrðin þau að það þurfi að klára B-nám í svipuðu fagi til að fara í M-námið. M-nám býður oft upp á meiri sérhæfingu. Það er yfirleitt styttra, um tvö ár (120 einingar) í stað þriggja. Náminu lýkur yfirleitt með meistararitgerð.

Hvað er Ph.D. nám?

Ph.D. nám, betur þekkt sem doktorsgráða, er efsta stig prófgráðu. Það getur tekið mörg ár að taka doktorsnám sem krefst þess oft að nemandinn taki að sér rannsóknarverk. Doktorsritgerðir þarf líka að verja í sérstakri athöfn fyrir dómnefnd.

Hvað er diplómanám?

Diplómanám er oftast hagkvæmt viðbótarnám sem er auðvelt að taka með vinnu/námi. Yfirleitt aðeins 30-60 einingar. Diplómur eru sjaldan mjög fræðilegar heldur ætlaðar til þess að fólk öðlist ákveðna þekkingu og hæfni sem mun nýtast því seinna í starfi.

Stöðugt eða skemmtilegt starf?

✍ Penni: Stefán Árni

Nú fer bráðum að koma að því að ég sem menntskælingur þurfi að velja hvaða háskólagráðu ég vilji velja eftir útskrift. Ég held að ég hafi náð að afmarka valið af tveimur gráðum; Lögfræði í Háskóla Íslands eða Kvikmyndagerðarnám í þeim skóla sem verður fyrir valinu þegar á að stofna fyrstu kvikmyndargerðardeildina á íslandi, en það á að gerast á næstunni. Auðvitað ætti ég að velja lögfræði, það nám býður upp á endalausa starfsmöguleika, fín laun og líklegast frekar stöðuga vinnu. En nenni ég virkilega að eyða öllu lífi mínu í lögfræði? Kannski. Ég hef verulegan áhuga á flestu sem tengist lögfræði og stjórnsýslu Íslands en að gera það að lífi mínu, ég er ekki viss um það. Hins vegar hljómar Kvikmyndagerð mjög vel. Aldrei líður mér jafn betur og þegar ég er að gera eitthvað tengt kvikmyndum. Leikstjórn, handritaskrif, og allt það. En í fyrsta lagi verður líklegast mjög erfitt að komast inn í kvikmyndadeild listaháskólans, ef hann verður fyrir valinu og í öðru lagi er ekkert sjálfsagt að ég hafi hæfileikann og drifkraftinn í að verða einhver vinsæll og eftirsóttur kvikmyndagerðarmaður. Ég fæ í magann þegar ég þarf að hugsa um þetta og mun ég líklegast ekki ákveða mig þangað til að það er korter í að umsóknarfrestur fyrir háskólanám líður. Á einn bóginn get ég valið mér alveg semi-áhugarvert nám með mörgum starfsmöguleikum en á hinn bóginn get ég valið, það sem að ég held að verði miklu skemmtilegra nám sem er þó með mun erfiðari starfsmarkað. Ég er líklegast ekki sá eini sem er með þetta vandamál en því miður þá hef ég ekkert svar. Ég get látið ykkur vita þegar að kemur að ákvörðunni ef ég verð ekki búinn að leggjast í dvala yfir hversu erfitt það er að ákveða alla lífsleið sína með einni ákvörðun.

Vonaraldin

hún er súr, hún er sæt, hún
er mín.
hún er heróín.
hvað ég þrái hana,
helsta óvin vinstrimanna

tennur mínar æpa,
en ég get ekki hætt.
þegar lífið gefur þér von
er erfitt að neita,
mér líður miklu betur,
engin streita

VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út.
Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

Hvaða kaffidrykkur ert þú?

Penni: Elís Þór Traustason

Kaffi er yndislegur drykkur en líka spegill inn í sálarlífið. Allir sem hafa pantað sér kaffidrykki geta staðfest þetta. Hentu öllum stjörnumerkjum manngerðargreiningum út um gluggann og finndu út úr því hver þú ert samkvæmt kaffibollanum þínum.

Svart:
Þú ert hógvær og hagkvæm týpa. Þú drekkur kaffi til að halda þér vakandi en ekki fyrir bragðið.

Americano:
Fílar það svart og sykurlaust. Þú vilt einfalt líf og líklegast gott starf til að sjá fyrir pening fyrir allt sem þú þarft að kaupa. Býrð mögulega í Kópavogi en vilt ekki viðurkenna það.

Hafra/soja/möndlulatte:
Þú ert annaðhvort með laktósaóþol eða býrð/langar að búa í Vesturbænum. Enginn millivegur.

Cappuccino:
Þú ert vanaföst týpa, þú fílar fólk, þér semur vel við aðra. Ferð ekki út fyrir rammann.

Latté:
Það blundar í þér lítill listamaður. Þú kannt að meta að lesa góða bók eða teikna á kaffihúsi með nánustu vinum þínum.

Espresso macchiato:
Þú ert sælkeri, þú veist hvað þú vilt og setur háar kröfur um fágun. Værir til í að búa á Ítalíu.

Fjórfaldur espresso:
Þú ættir að slaka á í kaffidrykkjunni. Og þú ert mögulega í MR.

Mokka:
Þú ert ennþá meiri sælkeri. Þú kannt að meta lystisemdir lífsins.

Flat White:
Þú ert ákveðin týpa, þú veist hvað þú vilt og ert með afar góðan kaffismekk (Hefur ekkert að gera með það að höfundur þessarar greinar kann vel að meta Flat White)

Íslatté:
Þú vildir að þú værir á Starbucks. Það er allt í lagi, við viljum það öll líka.

Skyndikaffi:
Ef þú færð þér skyndikaffi og fílar það, þá ertu djöfullinn sjálfur í mannslíki eða ekki með bragðlauka. Skammastu þín.

Á morgnana,
í hádeginu,
á hraðferð heim
eða í kvöldsnarlið...

við erum til staðar fyrir þig!

Ný og spennandi tilboð í hverri viku
og alltaf girnilegt Combo tilboð
sem þú getur gripið með.

Opnum snemma
lokum seint

Krambúðin

Atriði sem gott er að vita fyrir rafræna Háskóladaginn í ár

Háskóladagurinn

Ragnheiður Skúladóttir, verkefnisstjóri Háskóladagsins 2021.

Háskóladagurinn er samstarfsverkefni allra sjö háskóla landsins. Dagurinn er til þess gerður að kynna allt háskólanám fyrir verðandi háskólanemum og aðstoða þá við að velja sér námsbraut og skóla. Háskóladagurinn var fyrst haldinn árið 2004 og verður í ár haldinn í 17. skipti, en nú með stafrænum hætti. Ný leitarvél á vef Háskóladagsins auðveldar leitina að draumanáminu.

Svör: Heiða Skúladóttir og háskólaráðið

Fyrir þá nemendur sem hafa ekki mætt á Háskóladaginn áður, hvers mega þeir vænta?
Á Háskóladeginum kynna fulltrúar frá öllum námsbrautum allra háskóla landsins námið. Háskóladagurinn byggir á spjalli milli fulltrúanna og verðandi nemanda og myndar þar með persónulegri upplifun og nálgun. Á Háskóladeginum gefst nemendum tækifæri til að spyrja sinna spurninga og finna draumanámið sitt.

Hvað ráðleggur þú nemendum að gera varðandi fjölda námsbrauta sem verða kynnt á deginum? (Margar námsleiðir eru í boði; mælirðu með að þau kynni sér námsbrautirnar fyrirfram áður en þeir mæta á daginn?)
Nýr vefur Háskóladagsins er í vinnslu og verður kominn í loftið 19. febrúar. Þar má finna yfirlit yfir allt grunnnám (Bachelor's nám) í öllum háskólum landsins og leitarvél sem auðveldar verðandi nemendum leitina að rétta náminu. Þar er t.d. hægt að leita að nöfnum á námsbrautum eða nota leitarorð (e. taggs) svo sem forritun eða fjármál og þá birtast allar námsbrautir sem tengjast leitarorðinu.

Hvernig er viðburðurinn frábrugðinn fyrri árum?
Í ár verður Háskóladagurinn haldinn með stafrænum hætti í fyrsta sinn. Kennarar og nemendur allra námsbrauta, í öllum skólum landsins munu kynna námið og svara spurningum í gegnum Zoom.

Munu háskólarnir fyrst standa fyrir almennri kynningu á skólunum eða er meira einblínt á námsbrautirnar sem þau bjóða upp á? (Er að velta því fyrir mér hvernig háskóladagurinn byrjar? Verður fyrst talað almennt um háskólanám og hvernig fyrirkomulagið á deginum á sér stað eða velja nemendur strax hvaða námsbrautir þeir vilja skoða nánar?)
Það verður engin almenn kynning á skólunum sjálfum, heldur verða yfir 300 fjarfundir haldnir samtímis frá öllum skólum landsins með kynningu á öllum námsbrautum. Þú velur það nám sem heillar þig og ferð á þann Zoom fund. Fundirnir verða í gangi frá kl. 12 til 16 svo þér gefst nægur tími til að kynna þér margar námsbrautir.

Fá nemendur sendar upplýsingar í tölvupósti með mikilvægar upplýsingar um hverja námsleið? Til dæmis upplýsingar um inntökupróf, um þá áfangana á hverri námsleið, um einingar og svo framvegis. Eða er því dreift á fundinum sjálfum? (Til dæmis fékk ég upplýsingar um inntökuprófið í læknisfræði á Háskóladeginum í fyrra.)
Allar slíkar upplýsingar verða aðgengilegar á lendingarsíðu hverrar námsbrautar þar sem Zoom-fundirnir fara fram.

Verður gefið tilefni fyrir nemendur að spurja og spjalla við nemendur/kennara á Háskóladeginum?
Er víst búin að svara þessari spurningu :)

"Verða sér fundarherbegi, eða "breakoutrooms" fyrir hverja námsleið í hverjum skóla?
Þessari líka.

Hefur undirbúningurinn í ár verið meira krefjandi í samanburði við seinustu ár?
Já, undirbúningurinn hefur verið meira krefjandi í ár í ljósi stafrænnar nálgunar. Háskólarnir nýttu tækifærið og bjuggu til sameiginlega leitarvél sem sýnir allt grunnnám á háskólastigi á landinu. Nýi vefurinn verður áfram aðgengilegur og eftir Háskóladaginn verður allt framhaldsnám (Masters nám) og Doktorsnám einnig aðgengilegt á vefnum.

Verða námsráðgjafar á viðburðinum sem geta leiðbeint og hjálpað nemendum varðandi val á námsbrautum?
Já, náms- og starfsráðgjafar munu svara spurningum á Háskóladaginn í gegnum Zoom. Náms- og starfsráðgjafa allra skólanna má nálgast á þeirra prófíl á Haskoladagurinn.is

Verður sér kynning um skiptinám á Háskóladeginum?
Hægt verður að fá upplýsingar um skiptinám á fundum námsbrautanna.

Nám við Háskóla Íslands

✍ Penni: Júlíana Karítas

Háskóla Íslands þekkja allir enda er hann fjölmennasti háskólinn hérlendis. Þar er boðið upp á afar áhugavert og fjölbreytt nám sem skipt er í fimm svið en hverju sviði er svo skipt í nokkrar deildir. Sviðin fimm eru félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið, verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Mörgum reynist erfitt að ákveða hvaða nám þeir vilja stunda. Sérstaklega nú eftir að framhaldsskólinn var styttur í þrjú ár þá er enn skemmri tími til þess að ákveða hvað maður vill verða í framtíðinni. Hér á eftir má sjá svokallað námsvalshjól sem Háskóli Íslands hefur unnið að. Hjólið flokkar mismunandi nám út frá áhugasviði þar sem sumar námsleiðir koma fram í fleiri en einum flokki. Námsleiðunum hefur verið skipt í tíu mismunandi flokka sem hver og einn snýr að ákveðnu viðfangsefni sem hægt er að tengja við. Með því er verið að stuðla að markvissara námsvali og minni hættu á brottfalli úr skóla.

Háskóli Íslands býður einnig upp á náms- og starfsráðgjöf (NSHÍ) fyrir þá sem enn eru óvissir um hvaða nám skuli velja. NSHÍ veitir þeim stuðning sem stunda nám við skólann hvað varðar námsval, vinnubrögð í háskólanámi og undirbúning fyrir atvinnuleit.



Háskólinn á Akureyri

✍ Tekið saman af Stefáni Árna

Félagsfræði

Háskólinn býður upp á hefðbundið félagsfræðinám þar sem skoðað er samspil einstaklinga, samfélags og menntunar. Það eru í boði fjölbreytt valnámskeið til dæmis á sviði afbrotafræði, kynjafræði, byggðafræði og málefnum norðurslóða.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: í störfum tengdum málefnum flóttamanna, félagsstarfi unglinga, við hagnýtar rannsóknir og í sveitarstjórnarmálum.**Möguleiki á skiptinámi:** já

Fjölmiðlafræði

Í fjölmiðlafræði lærir maður miðlun efnis í dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi og samfélagsmiðlum. Námið hentar þeim sem hafa gaman af því að skrifa og þeim sem hafa áhuga á fólki.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: Vinna í útvarpi, sjónvarpi, netmiðli, dagblaði eða tímariti. Það eru líka ýmis fyrirtæki sem ráða fjölmiðlafræðinga til þess að finna sem upplýsingafulltrúi.
Möguleiki á skiptinámi: já

Hjúkrunarfræði

Háskólinn býður upp á sveigjanlegt nám í hjúkrunarfræði og hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða annað sambærilegt, en eingöngu bestu 75 nemendur fá að halda áfram eftir haustmisseri
Möguleiki á skiptinámi: já, einnig hægt að stunda klínískt nám við samstarfsstofnanir á öðrum Norðurlöndum

Iðjuþjálfunarfræði

H.A. er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í iðjuþjálfunarfræði en þar beinir þú sjóum að því sem fólk tekur sér fyrir hendur í daglegu lífi.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: ýmis störf innan velferðarþjónustu, menntastofnana og félagasamtaka, og á almennum vinnumarkaði.
Möguleiki á skiptinámi: á meistarastigi

Kennarafræði

Það eru tvö kjörsvið, leikskóla- og grunnskólasvið.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: Nám í kennslu við grunn- og leikskóla.
Möguleiki á skiptinámi: já

Líftækni:

Hér lærir ú grunninn til þess að starfa við rannsóknir og er námið góður grunnur fyrir framhaldsnám í raunvísindum og líffræði
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: Starf hjá mörgum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum í líftækni.
Möguleiki á skiptinámi: já

Lögfræði

Það sem er öðruvísi við lögfræði nám í Háskólanum á Akureyri er alþjóðleg nálgun og sveigjanlegt námsfyrirkomulag.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða annað sambærilegt próf
Störf að námu loknu: ýmis störf innan fyrirtækja
Möguleiki á skiptinámi: já

Lögregla

Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í lögreglufræði. Fyrst færðu diplómapróf og öðlast svo starfsréttindi sem lögreglumaður. Svo er hægt að bæta við sig 60 ECTS einingum til BA prófs í lögreglu- og löggæslufræði.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: lögreglumaður
Möguleiki á skiptinámi: ekki í diplómumáminu en hægt í BA náminu.

Náttúru- og auðlindafræði

Diplómunám fyrir þá sem hafa áhuga á náttúru- og lífvísindum og grunnur fyrir frekara nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: Gráðan veitir ekki starfsréttindi
Möguleiki á skiptinámi: já

Nútímafræði

Eini skólinn sem býður upp á nám í nútímafræði. Í náminu er lögð áhersla á að fræðast með gagnrýnum hætti um nútímasamfélagið.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: t.d á sviði menningarmála, kennslu, fjölmiðlunar og upplýsingamiðlunar.
Möguleiki á skiptinámi: já

Sálfræði

Lögð áhersla á að fræðast um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Það sem H.A. hefur fram yfir aðra skóla er sveigjanleiki í námi og námsmati
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: með framhaldsnámi öðlast þú réttindi sem sálfræðingur en annars getur þú starfað við rannsóknir og sem forvarnarfulltrúi
Möguleiki á skiptinámi: já

Sjávarútvegsfræði

Þú lærir að takast við verkefni á sviði sjávarútvegs. Það er hægt að fá viðskiptafræðigráðu með ef þú bætir við einu ári, námið væri þá fjögur ár.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: starf hjá sjávarútvegsfyrirtækjum sem t.d. framkvæmdastjóri, framleiðslustjóri, sviðsstjóri, gjaldkeri, útgerðarstjóri, verkstjóri, gæðastjóri, markaðsstjóri.
Möguleiki á skiptinámi: já

Tölvunarfræði

Tölvunarfræði við H.A. er í samstarfi við HR, námsefnið kemur þaðan, borga skólagjöld þangað en hafa aðgang að aðstöðu H.A. Svo er líka í boði 2 ára diplómagráða.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: námið er góður undirbúningur fyrir þátttaka í atvinnulífinu og framhaldsnám bæði á Íslandi og erlendis.
Möguleiki á skiptinámi: já

Viðskiptafræði

Í viðskiptafræði við H.A. geta nemendur valið milli staðar- og fjarnáms. Hægt er að leggja áherslu á annað hvort stjórnun og fjármál, stjórnun og markaðsfræði eða sjávarútveg sem aukagrein.
Inntökuskilyrði: stúdentspróf
Störf að námu loknu: Margir starfsmöguleikar hjá fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum, bönkum og tryggingarfélögum og fleirum.
Möguleiki á skiptinámi: já

Námsmannaíbúðir til leigu

Byggingafélag Námsmanna hefur til leigu einstaklings-, par- og fjölskylduíbúðir í Reykjavík og Hafnarfirði, fyrir námsmenn. Stærðir íbúða eru á bilinu 40-70 fermetrar. Hagstætt leiguverð og góð þjónusta umsjónarmanna sem unnt er að kalla til ef eitthvað þarf að laga.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.bn.is eða á skrifstofu félagsins að Skeifunni 19, 4.hæð, s. 570-6600. Opið frá 10.00 – 14.00 alla virka daga.

Byggingafélag námsmanna

Langar að vinna með tungumálið

Ég tók viðtal við Karítas M. Bjarkardóttur sem útskrifast núna í febrúar með B.S.-gráðu í íslensku og stefnir beint í meistaranám. Ég spurði hana velvaldar spurningar um námið og ráð sem tengjast upplifun hennar af háskólanáminu. Einnig um hvað tekur við hjá henni að námi loknu.

Penni: María Árnadóttir

Hvaða menntaskóla stundaðir þú nám við?

Ég var á Nýsköpunar- og listabraut í Versló.

Hvaða grunnnám valdirðu í Háskóla og hvað hafði áhrif á val þitt?

Ég ákvað að fara í íslenskuna vegna þess að íslenska var uppáhaldsfagið mitt í grunn- og framhaldsskóla. Ég vissi svo sem ekki alveg hvað mig langaði að gera í framhaldinu, en vissi að ég var góð í þessu og hafði gaman af því. Ég hef aldrei viljað horfa svo á að nám þurfi að vera gagnlegra en það er skemmtilegt, hver nennir eiginlega í leiðinlegt nám?

Var ákvörðunin þér erfið um val á námsleið í háskóla?

Mér fannst hún ekki erfið, en ég var mjög heppin að uppgötva þennan framtíðardraum strax í unglingadeild grunnskóla. Það er samt svo ótrúlega margt í boði þarna úti og ég hef alla trú á því að ég verði elífðarstúdent, mig langar að læra svo margt.

Hvernig finnst þér námið í háskóla frábrugðið námi í menntaskóla?

Ég held að það sem er mest frábrugðið mennstakólanum sé stærðarskalinn og kennslufyrirkomulagið. Íslenskan er að vísu mjög lítið fag, svo ég hélt áfram að vera í 20-30 manna áföngum þar sem kennararnir þekktu nánast alla með nafni og kennitölu, en hef heyrt af fólki sem fer í stærri fög (verkfræði, sálfræði og lögfræði, sem dæmi) og finnst mesta breytingin að vera allt í einu með 200 manns í áfanga.

Hvaða áfangi/ar fannst þér standa upp úr?

Vá, ég er búin að læra svo ótrúlega margt skemmtilegt. En ég komst fljótt að því að þvert á það sem ég hélt þegar ég kom inn í námið átti bókmenntafræðin mun betur við mig en málfræðihluti námsins. Ég tók til dæmis valáfanga í barnabókmenntum sem mér fannst gjörsamlega dásamlegur og skylduáfanga í samtímabókmenntum. Kennari þess námskeiðs endaði svo einmitt á að vera leiðbeinandinn minn. Ég ákvað eftir eina önn að taka ritlist sem aukagrein og tók fullt af skemmtilegum áföngum innan hennar, til dæmis fékk ég að læra að skrifa kvikmyndahandrit eftir bók í einum áfanga, læra þýðingafræði í öðrum og skrifa kvikmyndagagnrýni í þeim þriðja. Ég útskrifast með fjölbreytta reynslu og þekkingu á bakinu, það finnst mér vera helsti kostur námsins.

Hvað reyndist þér erfiðast í þínu námi?

Hljóðkerfisfræðin, og þessi málfræði sem snerist ekki bara um að vera með sæmilega „rétta“ máltilfinningu. Þetta voru þeir áfangar sem voru eflaust líkastir einhvers konar náttúru- eða stærðfræði í menntaskóla að því leyti að ég þurfti að hafa mjög mikið fyrir þeim og kunni ekki almennilega að meta þá fyrr en eftir á. Ég er engin prófamanneskja, með mikinn próf- og frammistöðukvíða meira að segja, svo það tók mikið á.

Fannst þér þú vera nógu undirbúinn fyrir háskóla, komandi beint úr menntaskóla? (sérstaklega út af þriggja ára kerfinu).

Mér fannst Versló undirbúa mig mjög vel fyrir þá hluta námsins sem sneru að kynningum, ritgerðum og greinargerðum. Ég hafði fengið góða æfingu í því í menntaskóla og stóð betur að velli en til dæmis krakkarnir sem komu beint úr MR. Aftur á móti þurfti ég svolítið að læra upp á nýtt að læra fyrir próf, hafði engan grunn í hljóðritun og lítinn í miðaldabókmenntum og þurfti svolítið að hafa meira fyrir þeim námskeiðum en krakkar úr MR og MH. Ég held ekki að einn framhaldsskóli geti undirbúið mann fyrir allt það sem koma skal en ég er mjög þakklát fyrir grunninn minn í Versló. Að hluta til er það auðvitað líka sjálfri mér að þakka því ég vissi í hvaða átt mig langaði að stefna og valdi mér framhaldsskólanám í samræmi við það.

Hefur þú einhver góð ráð fyrir verðandi háskólanemendur?

Mitt allra, allra besta ráð er að lyfta brúnum og anda hægar. Það er enginn heimsendir þó maður fari í háskólanám sem kemur í ljós að hentar manni illa og hætta. Fyrsta valið þarf ekki að vera fullkomið og annað valið ekki heldur og ég vil líka ítreka það að (allavega að mínu mati) það skiptir miklu meira máli að námið sé skemmtilegt og áhugavert en hagnýtt. Það verður alltaf nóg af viðskiptafræðingum og verkfræðingum þarna úti til fólk þurfi að stressa sig á að puða í gegnum eitthvað sem höfðar ekki til þeirra. Nema auðvitað að það sé það sem því finnst skemmtilegt og áhugavert, þá er það bara frábært.

> **Ég ákvað að fara í íslenskuna vegna þess að íslenska var uppáhaldsfagið mitt í grunn- og framhaldsskóla**

Hvað er þitt draumastarf?

Mig langar að gera ótrúlega margt. Mig langar að vinna í bókaútgáfu, blaðaritstjórn, fréttamennsku, útvarpi, mig langar að kenna, skrifa bækur, lesa ljóð og prófarkalesa. Meginatriðið er: mig langar að vinna með tungumálið. Ég elska íslensku, hún er nördalega ástríðan mín og ef ég fæ að vinna við nördalegu ástríðuna mína þá er ég bara ótrúlega sátt.

Hvað tekur við hjá þér eftir BA gráðuna þína?

Ég er nú eiginlega bara strax byrjuð í meistaranámi, ég er svo spennt týpa að ég get aldrei notið þess að klára neitt ef ég er ekki byrjuð á öðru. Þetta er 90 eininga meistaranám í hagnýtri ritstjórn og útgáfu og inn í því er 20 eininga starfsnám sem ég ætla að taka í sumar, og er mjög spennt fyrir. Mig langar svo einhvern tímann að taka kennsluréttindin, en það væri 120 einingar meistaragráða ofan á íslenskuna, því ég held að það sé alltaf sniðugt að kunna að kenna.

Hver eru þín helstu áhugamál? (Var að hugsa að þú myndir skrifa um þau verk sem þú hefur skrifað)

Ég er orðin algjör prjónakerling og hef rosalega gaman af handavinnu og áhugamálum sem gefa af sér einhverja afurð. Var til dæmis ein af þeim sem fékk súrdeigsæðið í Covid. Svo skrifa ég stundum og þá helst ljóð og hef gefið út fjórar ljóðabækur í sjálfsútgáfu. Það áhugamál hefur svolítið legið í dvala í Covid en ég vona að fari að vakna upp af værum blundi fljótlega.

Ertu að vinna að verki núna?

Það er ekkert eftir sjálfa mig en ég er í mikilli skapandi vinnu í skólanum og meðal annars í áfanga sem gengur út á það að gefa út bók í samstarfi við meistaranema í ritlist. Hún mun koma út í lok maí og verður frumraun mín í að ritstýra skáldverkum. Við erum fjórar sem ritstýrum tæplega tuttugu skáldum og þetta er mikill skóli í samvinnu og fagmennsku. Í fyrra kom bókin Möndulhalli út úr þessum áfanga sem einhverjir heyrðu eflaust af, og það verður spennandi að sjá lokaafurðina í ár, ég hvet alla til að fylgjast með því. Í mínum einkafrítíma var ég, ásamt nokkrum góðum vinum, að endurvekja verkefnin Hráka og Hrækjanda í samstarfi við post-dreifingu. Við héldum fyrsta Hrækjanda ljóðakvöldið 9. febrúar og munum fljótlega gefa út yfirlýsingu um það hvernig Hráka verður háttað í vor, hafi einhverjir áhuga á því að fylgjast með því.

Innsýn í Oxford

Eftirfarandi er viðtal við Matthias B. Harksen. Hann var nemandi við Menntaskólann í Reykjavík og útskrifaðist árið 2016 af eðlisfræðibraut 1. Því næst kláraði hann nám við Háskóla Íslands í stærðfræði samhliða því að kenna við Menntaskólann í Reykjavík. Hann segir: „Mér finnst eins og maður eigi alltaf að kenna með námi. Annars missir maður tengingu við nemendur sína því maður skilur ekki lengur hvernig það er að læra og skilja ekki.“ Eftir það lærði hann við Oxford og útskrifaðist með meistaranám í stærðfræðilegri eðlisfræði. Í dag kennir hann aftur við Menntaskólann í Reykjavík auk þess að læra kennslufræði. Hann segir hér frá sinni reynslu í hinum víðsfræga skóla.



Penni: Embla Waage

Hvernig var inntökuferlinu háttað?

„Það fer eftir því hvernær maður er að sækja um. Ef maður er til dæmis að sækja um í grunnnámi, sem er kannski það sem lesendur vilja helst heyra, þarf maður að byrja frekar snemma. Það þarf að byrja sumarið árið áður en maður útskrifast og sækja um í september árið áður en maður útskrifast. Það er frekar langt ferli. Fyrst þarf að lesa og meta hvort þú sért yfirhöfuð hæfur til þess að taka inntökuprófið. Núna er allt örugglega háð í einhverju svona zoom-ferli. En þegar ég var [nemandi] sótti ég reyndar að sækja um framhaldsnám. En mér skilst að maður [sem sótti um grunnnám] fékk um 40 mínútu zoom--call, sem var eiginlega spjall en samt alveg smá alvari í því. Þar eru þeir að meta hvort þú hefur það sem þarf til að taka síðan alvöru inntökupróf. Síðan fer það eftir hvaða fagi maður er að sækja um, en í mörgum fögum mætir maður á staðinn og þreytir formlegt inntökupróf. Ef maður nær því prófi er maður kominn inn. Þá fær maður svona, sem mér finnst frekar fyndið, conditional offer. Það er svona „að því gefnu að þú klárir MR, tókst s.s. að útskrifast, ertu kominn inn“... En ef maður fær conditional offer er það meira svona „við erum til í að fá þig ef þú ert tilbúin til að borga“. Það er s.s. eftir að maður þreytir þetta formlega inntökupróf. Það er oft munnlegt próf, en það getur alveg verið skriflegt. Þar sem maður mætir á staðin...

Í öðrum skóla fór ég í svona formlegt munnlegt próf. Það er eitthvað svona sem tekur tvo daga. Þannig maður mætir og er í fjörtíu mínútna munnlegu prófi um morguninn síðan fjörtíu mínútur seinnipartinn um daginn og síðan aftur næsta dag. Það fer samt eftir fögum, en það getur a.m.k. verið þannig.“

Hvað heldur þú að hafi aðgreint þig frá öðrum umsækjendum?

„Ef ég á að vera hreinskilinn, þá var það pottþétt bara Þórður Jónsson, sem skrifaði meðmæli fyrir mig. Hann hafði verið í samstarfi með manni sem fór yfir umsóknirnar. Þannig ef hann er að skrifa meðmæli fyrir mig og þeir þekkjast þá kannski litar það eitthvað. En maður þarf samt líka að hafa góðar einkunnir úr háskóla og standa sig vel í viðtalinu.“

Hvernig var tekið á móti þér? Var þetta þægilegt umhverfi að búa við?

„... Þetta er frekar fyndið dæmi, því þetta er allt frá 1450 eða eitthvað. Þú veist, gamalt forneskjulegt kerfi. Háskólinn sjálfur samanstendur af einhverjum 30 „collegum“. Og „collegin“ eru s.s. heimavist. Ef maður hugsar um dormin í Bandaríkjunum nema að það er bara einn í hverju herbergi í staðin fyrir tveir... Allir meðlimir skólans verða að tilheyra „college“. Minn „collegi“ var t.d. St. Catherine's College. „Collegin“ mans sér um eiginlega allt: félagslífið, matarmálin, húsnæði og eiginlega bara allt sem manni dettur í hug...

Það er mötuneyti þarna sem eldar mat þrisvar á dag alla daga vikunnar og um helgar. Þannig maður þarf ekki að hugsa um matatrmálin. Það er líka bókasafn á hverjum einasta „college“...

Sama í hvaða námi maður er getur með endað með hverjum sem er í „college“. Þannig það er ekkert verið að skipa fólki saman eftir námi... En síðan ferðu í sérbyggingar. Eins og ég fór sérstaklega í stærðfræði og eðlisfræði byggingarnar. Þar er maður með fólkinu sem er með manni í námi... Þannig það er frekar skemmtilegt að vera með tvö félagsnet, fólkið sem býr með manni á „colleginu“ og fólkið sem er með manni í námi. Sem er kannski meira eins og samfélagið er í dag. Maður er með vinum sínum sem eru með manni í námi og vini sína sem eru bara að gera eitthvað allt annað.“

Hvernig var þetta félagslíf? Gerðuð þið eitthvað annað en að læra?

„Annirnar eru aðeins öðruvísi. Þarna eru þrjár annir: Michaelmas, Hilary og Trinity. Hver önn er bara átta vikur, þannig þetta eru stuttar annir. Það er mikið að læra á hverri önn og mjög mikið að læra milli annnanna. Þannig mikil pressa. Það er samt svolítil menning fyrir því að taka föstudaginnn í svona fancy dinner. Það er alltaf formal hall dinner og þá mætir fólk í skikkjum. Ég er ekki einu sinni að grínast. Fólk mætti í jakkafötum og í skikkjum og með slaufu. Og það er svona langborð. Prófessorarnir við „collegin“ setjast á upphækkuðu langborði og það er prófastur sem dinglar og fólk má fá sér.“

Er einhver munur milli námsára?

„Ef þú ert í grunnnámi ertu með þrjú ár. Oftast er þannig að fyrstu tvö árin búa grunnnemar á collegum og seinasta árið flytja þau út úr collegunum og fara að búa í litlum íbúðum í Oxford. Það er reyndar val, það þarf að sækja um það. Flestir fá það sem biðja um það. Flestir eru líka þreyttir á því að vera alltaf á campus og vilja upplifa aðeins meiri frelsi ...

Ég hef heyrt að námslega er fyrsta árið annaðhvort erfiðast eða langléttast. Það fer eftir því hvaða skóla maður kemur úr. Ég myndi t.d. halda að MR stæði mjög vel og myndi koma vel inn. MR og Oxford eru bara frekar sambærilegir skólar nema að það eru skikkjur í Oxford. Það eru frekar líkar hefðir og námsagi og álag er svipað. Þannig þetta er frekar eðlilegt framhald myndi ég halda.“

Finnst þér Oxford geta undirbúið þig betur undir atvinnumarkaðinn en aðrir háskólar hefðu getað gert?

„Já, ég myndi segja það en það þarf líka að vega og meta að það er frekar fjárhagsleg skuldbinding. Það þarf að meta hvort hún sé þess virði. Því það er hægt að fá mjög fínt háskólanám t.d. við Háskóla Íslands og víðsvegar um heiminn. Í dag er allt bara komið á netið og þú getur farið á Youtube og fundið fyrirlestra hjá MIT... Þú þarft ekki einu sinni að borga þessar milljónir sem fólk er að borga til að sitja í alvöru tímunum... Þannig þetta snýst um hvort þú viljir þessa upplifun.

En síðan eru auðvitað margir styrkir á Íslandi fyrir svona. Ég veit að Guðni forseti fór t.d. á einhverju sem heitir Scheving styrkur til náms í Bretlandi.“

Finnst þér eitthvað standa upp úr í þinni skólagöngu?

„Ég held það sé kannski svona, „vibe:ið“... Eins og þegar maður fer í próf þá á maður að vera í jakkafötum og með skikkju. Stelpur eiga að vera í pilsi eins og skóladröktin í Bretlandi og líka með slaufu. Hún á að vera bundin á einhvern ákveðin hátt og síðan þarf að vera með skikkju. Lengdin á skikkjunni ákvarðast á því hvar þú ert í náminu þínu. Fyrst þegar þú ert í grunnnáminu ertu með stutta skikkju, síðan þegar maður er framhaldsnemi ertu með lengri skikkju, þegar maður er í doktorsnámi er hún orðin enn lengri og þegar maður er prófesor fær maður alveg niður á ökkla. Þetta er svona stéttaskipting.“

Hvernig voru kennararnir almennt?

„Það er breytilegt. Það er nefnilega svona fyrirkomulag að það er prófessor sem kennir eitthvað námskeið en síðan, er það sem einkennir helst svona Oxbridge skóla, tutorials. Það er þannig að þá færðu aukakennara sem er oft doktorsnemi prófesorsins. Hann sér um að kenna útskýringartíma. Það fer reyndar eftir því hvaða fagi maður er hvernig „the tutorial's“ fara fram. Ég get ímyndað mér að í tungumálum, sögu eða heimspeki myndi það samanstanda mest af einhverju svona spjalli. Maður er kannski búin að lesa einhverja bók og fólk er að ræða um innihald bókarinnar. Doktorsneminn er að reyna að koma með innlit til að varpa ljósi á hugmyndir í textanum. Í raunvísindum, hjá mér, er oft þannig að maður er búin að fá einhver heimadæmi... og síðan kemur doktorsneminn og útskýrir hvernig maður hefði getað gert þetta betur... Þannig þetta er mjög persónulegt, sem er helsti kosturinn við þetta. Maður fær einhvern sem er sérstaklega að hugsa um þína námsgetu... Þetta er sniðið að þér og skoðar hvað þú þarft að bæta og skoða. Sem er mjög gott og stuðlar að betra námi.“

Myndir þú mæla með Oxford?

„Ég myndi sérstaklega mæla með Oxford í grunnnámi. Algjörlega í grunnnámi. Hins vegar þarf að hafa varan á því að núna eru Bretar farnir úr ESB sem þýðir að námið, sem reyndar var alltaf svona dýrt fyrir útlendingana, er núna um fimm milljónir á ári. Þannig þetta er frekar stór skuldbinding, fimmtán milljónir. En ég held að ef maður er kominn með annan fótinn inn og nær að borga þessar fyrstu fimm milljónir nær maður að borga hinar með einverjum krókaleiðum. En þetta er alveg ógeðslega mikill peningur. Þannig kannski ætti maður bara að kaupa sér hús í staðinn eða bara fara í HÍ... En ef þetta væri ókeypis ættu auðvitað allir að gera þetta. Um að gera að sækja um styrki!“

FLATEY

Myndasería eftir Elís Þór Traustason

BA 6
6424



FUGLAR
HÁLENDIÐ
VATNIÐ



Verklegt framhaldsnám

Ég sendi nokkrar spurningar á Viktoríu Sól Birgisdóttur þar sem ég vissi að hún stundaði nám í Tækniskólanum. Mig langaði að komast að því afhverju hún valdi það skapandi nám sem hún er í dag.

Spurningar: María Árnadóttir

Hvaða menntaskóla varst þú í?
Ég hóf nám í Menntaskólanum á Akureyri, MA er góður skóli og félagslífið er frábært en ég fann það á öðru ári að mig langi til þess að fara í meira skapandi nám. Ég færði mig því yfir í Tækniskólann og byrjaði grunnnám upplýsinga-og fjölmiðlagreina fyrir undirbúning í grafískri miðlun.

Við hvaða skóla stundaru nám við?
Nú í haust langaði mig til að fara í meira nám eftir að hafa klárað grafíska miðlun vorið 2018 og sótti um á sérsvið í ljósmyndun í Tækniskólanum.

Afhverju valdiru þá braut sem þú ert á?
Stuttu eftir fermingu fékk ég mína fyrstu Canon myndavél og það skemmtilegasta sem við vinkonunnar gerðum var að stílisera hvor aðra og mynda. Það liðu svo nokkur ár þar sem að myndavélin safnaði ryki en síðan kviknaði áhuginn aftur síðastliðin tvö ár þar sem ég starfaði fyrir NTC við auglýsingagerð og fékk að vinna með mörgum frábærum ljósmyndurum.

Fannst þér erfitt að ákveða hvað þú vildir læra?
Mér fannst smá erfitt að velja nám en aðalega af því að það var svo margt sem að mig langaði til að gera. Ég ákvað því að gera hugtakakort fyrir nokkrum árum sem að hjálpaði mér mikið en svo áttaði ég mig líka á því að það er hægt að mennta sig í fleira en einni grein.

Hvað er þitt draumastarf?
Ég hef mikinn áhuga á tísku og hönnun og draumurinn væri að starfa sem tísku og auglýsingaljósmyndari. Einnig væri gaman að geta tvinnað grafíkinni og ljósmyndun-inni á einhvern skemmtilegan hátt.

Hvaða áfangi stendur upp úr hjá þér?
Ég er í myndatöku áfanga þar sem við lærum myndbyggingu, að beita flassi á skapandi hátt og á ljós í mismunandi aðstæðum. Þar fáum við ótrúlega fjölbreytt verkefni þar sem að hugmyndaflugið fær að ráða för. Það verkefni sem hefur staðið upp úr er klárlega tískumyndataka. Einnig er í áfanga þar sem við lærum stafræna myndvinnslu þar sem ég hef lært alveg ótrúlega margt og mér finnst mun skemmtilegra að myndvinnslu heldur en mig óraði fyrir. Ljósmyndasaga hefur líkað komið mér mikið á óvart, ætli áfangarnir standi ekki bara allir uppúr.

Hér að neðan má sjá nokkrar ljósmyndir eftir hana Viktoríu.




The European Solidarity Corps

Penni: Embla Waage

Ótal margir segja að þeir vilji láta gott af sér leiða. Þetta eru afskaplega hjartnæm orð. Hve margir ætla sér þó að standa við þau? Fólk er einfaldlega ekki tilbúið að stíga út fyrir sinn þægindaramma eða umfram getustigið. Þetta er að sjálfsögðu skiljanlegt. Sem betur fer fyrirfinnst fólk í þessum heimi sem hugsar í lausnum. Hvaða fólk er þetta? Að sjálfsögðu er þetta fólkið sem skapaði „European Solidarity Corps".

„The European Solidarity Corps" er áætlun sem styrkir sjálfboðaliða við störf í Evrópu. Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins stjórnar verkefninu sem fer fram víða um alla heimsálfuna. Tilgangur verkefnisins er að efla ungt fólk og styðja þau í sjálfboðastarfi í sínu landi eða utan þess. Ýmist geta einstaklingar á aldrinum 18-30, samtök, fyrirtæki eða stofnanir tekið þátt. Samtökin þurfa að vera Gæðavottuð en annars fyrirfinnast engar fleiri takmarkanir á þátttöku.

Hægt er að sækja um styrki fyrir tvær mismunandi tegundir verkefna: sjálfboðaliðaverkefni og samfélagsverkefni. Sjálfboðaliðaverkefnin eru fjölbreytt og geta ýmist verið innanlands eða í öðrum ríkjum Evrópu. Einstaklingar eru almennt sendir af samtökum og sveitafélögum í 2-12 mánuði. Auk þess geta 10-40 manna hópar tekið þátt í 2 vikur til 2 mánuði. Samfélagsverkefnin eru aftur á móti tækifæri til þess að koma þínum hugmyndum í raunveruleikan. Þetta er því svokallað frumkvæðisverkefni. Þessi verkefni geta t.d. verið að aðstoðað fólk við allskyns félagsleg vandamál, efla umhverfis- og náttúruvernd og auka þátttöku í lýðræðislegum málum.

Auk þess að vera frábær leið til þess að gefa af sér til samfélagsins eru margir kostir við verkefnin. Þið getið kynnst nýjum einstaklingum og jafnvel eignast góða félaga. Reynslan sem þið getið fengið er gífurlega dýrmæt og getur nýst ykkur vel í gegnum lífið. Á einhverjum tímapunkti lokast glugginn til þess að taka að sér þessi verkefni. Núna er tíminn til þess að blómstra.

Fyrir áhugasama er hægt að kynna sér meira um efnið í kyrningsbæklingi sem finnst á vefsíðu verkefnisins (www.europa.eu/youth/solidarity_en). Þar fer einnig skráning fram rafrænt í febrúar, apríl og október.

Lanbúnaðarháskóli Íslands

✍ Penni: Embla Waage

Landbúnaðarháskóli Ísland hefur verið starfandi frá árinu 2005. Þó má rekja rætur hans lengra aftur í tímann. Skólinn eins og við þekkjum hann í dag er sökum sameiningar nokkura skóla eins og t.d. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskólans á Reykjum. Síðan þá hefur starfsemi háskólans haft mikil áhrif á menntun og rannsóknarvinnu í náttúruvísindum hérlendis.

Eftirfarandi er viðtal við Rósu Björk. Hún starfar sem markaðs- og kynningarmálastjóri við skólann og hefur gert það í tæp þrjú ár. Hún annast m.a. um samfélagsmiðla, vefsíðuna (www.lbhi.is) og samskipti við nemendur og utanaðkomandi.

Hvers konar nám er boðið upp á fyrir nemendur?

„Við sérhæfum okkur í sviði landbúnaðar og skipulags. En við bjóðum upp á bæði grunn- og framhaldsnám. Síðan bjóðum við einnig up á starfsnám. Námið hjá okkur núna skiptist upp í þrjár fagbrautir: ræktun og fæða, skipulag og hönnun og svo skógur og náttúra. Brautirnar okkar raðast allar inn á þessi fagsvið hvort sem þetta er á starsmenntastigi eða grunn- eða framhaldsstigi. Ég get líka talið upp brautirnar sem eru hjá okkur. Við erum með á BS-stigi og síðan á framhalsnámsstigi búvísindi, hestafræði, landslagsarkítektúr, skipulagsfræði (sem er á meistaranámsstigi), skófræði, náttúru- og umhverfisfræði og síðan er meistaranámsbraut sem er alþjóðleg og heitir umhverfisbreytingar á norðurslóðum. Síðan erum við með á starfsmenntanámsstigi, sem er meiri verktengd nám, allt nám sem tengist garðyrkjunni. Allt garðyrkjunámið er kennt á Reykjum. Þar er illrækt, lífræn ræktun, garð- og skógarplöntur, blómaskreytingar, skrúðgarðyrkja (sem er iðnnám) og skógur og náttúra (sem er fyrir þá sem sjá um skógrækt almennt). Síðan hér á Hvanneyri erum við með allt sem tengist búrækt og búfjárhaldi.“

Hvernig fólk sækir um í skólann?

„Það er náttúrulega ótrúlega fjölbreytt. Sérstaklega af því að við bjóðum bæði upp á starfsmenntanámið. En það blandast mjög mikið milli þeirra eldri, yngri og fólks sem er að fara út í einhvern nýjan vettvang. Námið sem er á BS-stigi er mjög þverfaglegt. Náttúruvísindi er náttúrulega mjög gegnumgangandi hjá okkur og flestir taka það. Síðan er sjálfbær þróun og það er rauði þráðurinn. En við erum náttúrulega með fólk sem sérhæfir sig bæði í náttúruvísindum eða landbúnaði, búfjárhaldi eða jarðrækt. Síðan erum við líka með landslagsarkítektúr, sem er þá aðili sem er að vinna mikið með hönnun en tengist alltaf náttúrunni líka. Þannig þau læra grunninn í náttúruvísindum og svo hönnunina.

En týpurnar eru mjög misjafnar og blandaðar. Það er einmitt svolítið gaman að geta kynnst fólkið á hinum brautunum ... Þannig það verður ótrúlega skemmtileg dýnamík.

Það eru þó nokkur fög sem eru samkennd, einhver grunnur sem er byggður á því sama. Þá eru þau mörg í þeim fögum saman og kynnast þá nokkuð. Síðan eru líka nemendafélög innan brautanna en þau eru síðan öll saman líka. Þannig það verður ótrúlega skemmtilegur bræðingur. Síðan eru hérna á Hvanneyri nemendagarðar þannig það myndast líka svona „campus-stemmning“. Því Hvanneyri er klukkutíma frá Reykjavík og aðeins út á landi... Þeir sem eru í fjarnámi koma alltaf reglulega... í verklega kennslu eða í ferðir og þá blandast þetta mjög mikið.“

Hvernig fólk kennir við skólann?

„Við erum bæði með fólk sem kemur og kennir stundakennslu sem er þá bara beintengt í atvinnulífið. Hún er vinna eins og aðilar eru að vinna á verkfærastofum og arkítektsarstofum eða í skógrækt eða bara í skipulagsmálum. Þau koma að kenna ýmsa áfanga og síðan erum við náttúrulega með fasta kennara líka. Sumir kenna kannski meiri en aðrir og aðrir eru þá meira í rannsóknum eða því tengdu. Það blandast bara þó nokkkuð mikið.“

Hvað getur fólk fengið úr náminu? Borgar það sig ef einstaklingur hefur t.d. alist upp í sveit?

„Það er náttúrulega mjög mikilvægt hér á Íslandi að mennta okkur í landbúnaði, ræktun og jarðtengdum fögum sem sérhæfir sig við Íslenskar aðstæður. Námið yfir allar brautirnar hjá okkur sniðið að íslenskum aðstæðum og læra á íslenska náttúru. Það er kannski svolítið rauði þráðurinn í gegn og gera það á sjálfbæran hátt. Það er alltaf mikilvægt. Núna í dag, bara með loftslagsmálin og matvælaöryggi og allt þetta. Þannig það er bara rosa mikilvægt að við menntum okkur á þessu sviði og séum svolítið leiðandi. Tala nú ekki um núna í loftslagsbreytingum og þegar allt er að breytast. Það er rosalega mikil reynsla hjá okkur á þessum slóðum af því að við kunnum að rækta hluti við aðstæðurnar hérna á norðurheimskauti. Í framtíðinni ætlum við að líta svolítið til þess þótt hlutirnir eigi eftir að breytast örlítið hérna líka. Við þurfum að vera undirbúin undir það líka og kunna vel á okkar land og líka verið stollt af okkar þekkingu hér. Heimurinn er farinn að líta svolítið til okkar.“

Hvaða breytingar hafði COVID-19 í för með sér á starfsemina?

„Að einhverju leiti er farið að skoða hvað við getum gert og hvernig við getum eflt okkar matvælaframleiðslu hérna á Íslandi. Hvernig við getum verið sjálfbærari og nýtt auðlindir landsins án þess að ganga á þær. Þetta er mjög mikilvægt að gerist í menntastofnuninni og í góðu samstarfi við atvinnulífið.“

Finnst þér eitthvað standa upp úr í starfsemi skólans?

„Mér finnst alltaf frábært að vinna með það sem við eigum heima og byggja á því sem við þekkjum. Landbúnaður er eitthvað sem er hluti af okkar menningu og hann er svo ótrúlega víður og fjölbreyttur. Það er ekki bara „bóndi í þessu og bóndi í hinu“, þetta er bara ótrúlega fjölbreytt! Líka að stuðla að uppbyggingu út á landi og fjölbreytni. Ég held að það sé alltaf mikill kostur og það sér maður náttúrulega gerast í þessum skóla. Við erum náttúrulega út á landi og sérhæfum okkur á öllu sem tengist lífi og landi og síðan kemur manneskjan inn í þetta. Hvernig við getum tengt þetta allt saman. Það sem ég tek líka eftir með nemendurna er að það myndast líka ofsalega góð og fjölbreytt tengsl...

Námið hjá okkur er mjög þverfaglegt á öllum brautunum. Það opnar mjög mikið af dyrum og hjálpar þér í áttina sem þig langar að fara í. Þannig það kemur með einhvern grunn en getur svo farið mjög fjölbreyttan vettvang eftir á. Þetta gefur manni svo góða grunnþekkingu yfir svo ótrúlega margt. Þekkingu sem er ofsalega eftirsótt núna og mikilvægt að maður sé með grunninn þar. Frekar góðir möguleikar að fara í þá átt sem maður hefur áhuga á en gera samt eitthvað mikilvægt.“

Ertu með einhver ráð fyrir einstaklinga sem vilja sækja um nám?

„Ég held það sé bara að vera með opinn hug og ekki vera hræddur við að gera það sem manni virkilega langar. Hvort sem að það er að vinna með dýr eða loftslagsmál eða að prófa bara að vera í aðeins öðruvísi umhverfi. Að hugsa um framtíðina líka. Ekki vera hrædd við að gera það sem þig langar að gera og fylgja þínum draumum og við bjóðum náttúrulega upp á ótrúlega mikið frelsi með þannig lagað. Skólinn okkar er lítill þannig það er allt frekar einstaklingsmiðað. Auðvelt að fá ráðgjöf og þjónustu og leita sér hjálpar eða fara áfram í náminu í þá átt sem maður virkilega vill. Ég segi bara „go for it“, þið eruð framtíðin!“

Einnig var tekið örstutt viðtal við einn nemanda skólans, Jarþrúði Rögnu Jóhannsdóttur. Hún lærir búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands og segir hér frá sinni reynslu.

Hvers vegna ákvaðstu að fara í Landbúnaðarháskóla Íslands?

„Hef verið ákveðin í að fara í LbhÍ síðan ég var 9 ára. Mamma fór í skólann á sínum tíma.“

Hvað finnst þér helst standa upp úr í þínu námi?

„Mér finnst helst verklegu tímarnir bæði í reiðmennsku og búsmíði standa upp úr. Það er þó mjög margt sem stendur upp úr.“

Myndir þú mæla með þessu námi? (og ef svo er, fyrir hvern?)

„Myndi mæla 100% með náminu fyrir þá sem hafa áhuga á að fara í dýralæknanám eða verða bændur.“

Hvernig er náminu háttað hjá ykkur nú á tímum COVID-19?

„Námið hefur ekki raskast mikið hjá búfræðingunum á rímum Covid. Við höfum ennþá alltaf mætt í skólann nema hugsanlega 2 vikur.“

Ertu með einhver ráð fyrir þá sem eru að hugsa um að sækja um nám við Landbúnaðarháskóla Íslands?

„Ef þú hefur áhuga á búskap þá er þetta rétti skólinn fyrir þig, og félagslífið er mikið!“

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur greinilega margt upp á að bjóða. Námið er fjölbreytt og fólkið í stíl. Skólinn veitir nemendum fremur einstaklingsmiðaða þjónustu og getur skapað spennandi tækifæri. Áhugasamir eru hvattir til þess að kynna sér starfsemi skólans á Háskóladeginum.

FYNDIN TVÍT ÚR MENNTASKÓLA

✍ Stefán Árni setti saman

Íslenska twitter liðið leynir sko aldeilis ekki á skoðunum sínum og er skoðun þeirra á framhaldsskólum engin undantekning. Hér eru nokkur drepfyndin tvít um líf framhaldsskólanema:

🌎🌹 óskar steinn 🌹🌎
@oskasteinn

yess við erum alveg að fara að detta í "hvað eru þessir menntaskólanemar að gera á þjóbó" season

kate the skate
@katagla

pælið í því þegar maður var í menntaskóla, drakk sig blindfulla fyrir ball á fimmtudegi og mætti svo eldhress í íþróttir kl 8 daginn eftir

Sylvía Hall
@sylviaahall

Vil meina að menntaskólar sem hafa vetrarfrí á sama tíma og grunnskólar séu eitt stærsta vandamálið sem við þurfum að takast á við

Þrotvaldur Ósigurbjörn Helgason
@dullurass

Menntaskóli snýst svona 10% um nám, 30% um djamm og 60% um að hæpa athyglissjúka gaura með tilfinningaleg vandamál.

Sindri Freyr Ásgeirsson
@sindrifreyra

Djammaðir þú í alvörunni í menntaskóla ef þú ert ekki kominn með ógeð af Fanta exotic?

Translate Tweet

11:10 PM · Feb 15, 2021 · Twitter for iPhone

Egill Ástráðsson
@egillastradsson

Menntaskólinn í Reykjavík - framsækinn en jafnframt sígildur.

Translate Tweet

Brynhildur Bollad.
@brynhildurbolla

Grilluð samloka og kók í hádegismat. Sæll, menntaskóli.

Translate Tweet

karitas m. b.
@kaerleikurinn

Replying to @kaerleikurinn

grunnskóli: 9 ár
menntaskóli: 3 ár
ba-nám: 2,5 ár
plis eitthvert sem er gott í hagfræði hjálpa mér með bókhaldið fjölskyldan mín er að deyja

FERSK UPPLIFUN

Krossgáta

Lárétt

2. Annað orð yfir kartafla

4. Stærsti skemmtistaður í heimi

7. Stefán Eiríksson

10. Félagslegt kerfi þar sem karlmenn njóta valda og hafa sérréttindi

11. Tryggingafélag

12. Andrés Ingi Jónsson er nýgenginn til liðs við þennan stjórnmálaflokk

Lóðrétt

1. Hlaðvarpið er með stefið: „ber er hver að baki nema sér bróður eigi“

3. Háskólaþorp, brú í norrænni goðafræði

5. Þáttastjórnandi hjá RÚV

6. Landið fagnar 30 ára vináttu við Ísland

8. Veganborgarar þessa skyndibitastaðs eru kallaðir ekki borgarar

9. Sjónvarpsþáttur á stöð 2

Er fallbraut í Narníu?

Kuldinn heilsar mér með föstu handabandi,
hvíta nornin fylgir í humátt á eftir honum
og leiðir mig áfram eftir þessari
drepleiðinlegu ferð um menntavegin.

Ljóð eftir Katrínu Valgerði Gustavsdóttur

Sudoku

2	6						4	7
					6	5		
		4		9			6	
	3			5			1	6
			6	2	9	3	7	
7	9		1					
			9		7			
9	5	7		4	2			
			3			7		9

Ritstjórn mælir með þessum kvikmyndum og þáttum

Penni: Stefán Árni Gylfason

Soul
Kvikmynd

Söuþráður: Um metnaðarfulla jazzpíanóleikarann Joe sem lendir í alvarlegu slysi rétt eftir að hafa fengið stærsta tækifærið sitt í bransanum.
Eftir: Pete Docter, Mike Jones og Kemp Powers.
Leikstjórar: Pete Docter.
Aðalleikarar: Jamie Foxx, Tina Fey og Graham Norton.
Hægt að sjá hana: Disney+

Lupin
Þættir

Söguþráður: Franskir sjónvarpsþættur um Assene Diop sem reynir að hefna föður síns fyrir óréttlæti beitt af auðugri fjölskyldu nokkri.
Eftir: George Kay
Aðalleikarar: Omar Sy, Vincent Londez og Ludivine Sagnier.
Hægt að sjá þá: Netflix

WandaVision
Þættir

Söuþráður: Ofurhetjurnar Wanda Maximoff og Vision lifa fullkomnu lífi í úthverfi en byrja að gruna að ekki sé allt eins og það virðist
Eftir: Jac Shaeffer
Leikarar: Elizabeth Olsen, Paul Bettany og Teyonah Parris
Hægt að sjá þá: Disney+

Æði 2
Þættir

Með: Patriki Jaime, Brynjari Steini (Binna Glee) og Bassa Vilhjálmssyni (Bassa Maraj)
Hægt að sjá þá: Stöð 2+

Hvað getum við gert?
Þættir

Með: Sævari Helga Bragasyni (Stjönu-Sævari)
Hægt að sjá þá: rúv

Eftirtaldir styrktu útgáfuna

Árskóli	Box 60	Sauðárkrókur
Bílasmiðurinn	Bíldshöfða 16	Reykjavík
Blikkrás	Óseyri 16	Akureyri
Bókasafn Reykjanesbæjar	Hafnargötu 57	Keflavík
Bókráð bókhaldsstofa	Miðvangi 2-6	Egilsstaðir
DMM Lausnir	Iðavöllum 96	Keflavík
Endurskoðun Vestfjarða	Aðalstræti 19	Bolungarvík
Fínpússning ehf	Rauðhella 13	Hafnarfjörður
Fjölbrautarskóli Snæfellinga		Grundarfjörður
Fjölbrautarskóli Suðurlands	Tryggvagötu 25	Selfoss
Fjölbrautarskóli Suðurnesja	Sunnubraut 36	Keflavík
Fossvélar	Hellismýri 7	Selfoss
Framhaldsskólinn Húsavík	Stórageröi 10	Húsavík
Gleraugnaverslunin ég C	Hamraborg 10	Kópavogur
Grindavíkurbær	Garðatorgi 7	Garðabær
Hnýfill ehf	Óseyri 22	Akureyri
Ice group	Iðavöllum 7a	Keflavík
Litlalón ehf	Skipaholti 8	Ólafsvík
Nethamar bílaverkstæði	Garðavegi 16	Vestmannaeyjar
Norðurpóll	Laugarbakka	Laugar
Rúnar Óskarsson		Húsavík
Samhentir	Austurhrauni 7	Garðabær
Sólrún ehf	Sjávargötu 2	Dalvík
Stoðtækni ehf	Lækjargötu 34	Hafnarfjörður
Sveitafélagið Ölfus	Hæðarbergi 1	Þorlákshöfn
Sæplast ehf	Gunnarsbraut 12	Dalvík
Trésmiðja Helga Gunnarssonar	Mánabraut 2	Skagaströnd
TV-verk	Strandgötu 37	Tálknafjörður
Verslunartækni og Geiri	Draghálsi 4	Reykjavík
Vélvík	Höfðabakka 1	Reykjavík

STAFRÆNI
HÁSKÓLA DAGURINN

27. febrúar
kl. 12–16

Spurt og svarað í beinu streymi
Haskoladagurinn.is

Finndu nám sem hentar þér með nýrri leitarvél háskólanna á haskoladagurinn.is
Nemendur og kennarar allra háskóla landsins svara spurningum í beinu streymi á netinu á stafræna Háskóladeginum